## Hvernig sækir ég um Hvatapeninga?

Umsóknir um Hvatapeninga eru afgreiddar rafrænt, flestar í gegnum ABLER. Fjölmargar íþróttá- og tómsundagreinar nota ABLER fyrir skráningu barna. Þar er hægt að skilgreina hvort nýta eigi Hvatapeninga þegar börn eru skráð. Ef um er að ræða greinar sem ekki eru inná ABLER er sótt um Hvatapeninga í gegnum íbúagátt hér á heimasíðunni.

Fyrirspurnir eða athugasemdir vegna Hvatapeninga skal senda á

Þorvald Gröndal frístundastjóra á netfangið: [valdi@skagafjordur.is](mailto:valdi@skagafjordur.is) eða í síma: 455 6033.

- Réttur til Hvatapeninga fellur niður í árslok.
- Ónýtir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára.
- Ráðstöfun hvatapeninga er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra hvatapeninga þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda til félaga.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en æfinga-/þátttökugjald viðkomandi frístundatilboðs.
- Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþróttá-, lista- og tómsundastarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar. Þetta á við um allt skipulagt íþróttá-, lista- og tómsundastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta sem og önnur námskeið skipulögð af sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. Sumar-TÍM.
- Almennt skal miða við að námskeið nái yfir 10 vikur samfelld. Frístundastjóri sker úr um hvort námskeið teljist styrkhæf, og ber sína tillögu undir samþykki félags- og tómsundanevndar ef vafi leikur á.
- Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglínganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni á 17. og 18. aldursári en þau geta nýtt Hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

# Fréttapunktur ÍSÍ 2025



Árið 2025 var þingár hjá Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands. Íþróttaping ÍSÍ fór fram dagana 16. og 17. maí 2025 og þar kaus Íþróttahreyfingin sér nýja forystu. Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSÍ til næstu fjögurra ára. Einnig urðu allnokkrar breytingar á stjórn sambandsins. Lárus L. Blöndal, fráfaramandi forseti, var kjörinn heiðursforseti ÍSÍ. Samþykktir Íþróttapingins voru fjölmargar og hafa stjórn og starfsfólk unnið að þeim málefnum í kjölfar þingsins.

## STJÓRNSÝSLAN

Stjórnsýslusvið ÍSÍ annast öll mál er varða lög og reglur í hreyfingunni og er tengiliður við dómstóla ÍSÍ. Verkefni sviðsins eru víðfem enda regluverk hreyfingarinnar flókið og lagskipt. Unnið er að uppfærslum á regluverki hreyfingarinnar og eftirlit með einum eða öðrum hætti og veitir sambandsaðilum stuðning og leiðbeiningar er varða lög og reglur. Sviðið hefur umsjón með gæðaverkefnum ÍSÍ, Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Stjórnsýslulegum verkefnum fjölga jafnt og þétt með auknum kröfum á Íþróttahreyfinguna og síbreytileika starfsumhverfis Íþróttta.

## FORMANNAFUNDUR ÍSÍ OG STEFNUMÓTUN

Formannafundur ÍSÍ fór fram á Akranesi 21. nóvember. Þar voru tekin fyrstu skref í sameiginlegri stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ en um verður að ræða gagnadrifna grasrótta stefnumótun, en stefnt er að því að leggja fram nýja stefnu á Íþróttapingi ÍSÍ árið 2027. Leitað verður eftir sem víðtækustu samtali við hagaðila í Íþróttahreyfingunni og samfélaginu

## AFREKSMÁLEFNI

Afreksmiðstöð Íslands festi sig í sessi á árinu og hefur miðstöðin nú sérfræðinga á sínum snærum, til þjónustu fyrir allt helsta afreksíþróttafólk landsins, eftir þörfum.

ÍSÍ fékk á Fjárlögum Alþingis vegna ársins 2025 framlag að upphæð 637 milljónir króna til innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksstarfs. Tæpum 300 milljónum af þeim fjármunum var úthlutað í febrúar 2025 til afreksstarfs sérsambanda, til að styðja við almennt landsliðs- og afreksstarf þeirra sem og þátttöku í stórmótum á árinu 2025.

Settur var á stofn launasjóður fyrir afreksíþróttafólk og afreksþjálfara og hófust greiðslur til valinna einstaklinga síðla árs 2025. Auk þess hóf ÍSÍ endurgreiðslur til einstaklinga í gegnum sérsamböndin vegna kostnaðar ungmenna sem taka þátt í landsliðsverkefnum sérsambanda. Afreksjóður ÍSÍ úthlutaði samtals tæpum 520 milljónum króna til afreksstarfs sérsambanda vegna ársins 2025.

ÍSÍ sendi keppendur til Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar, bæði vetrarhátíð í Bakuriani, Georgíu 9. til 16. febrúar, og sumarhátíð í Skopje, Norður Makedóníu 20. til 26. júlí 2025. Hátíðirnar eru fyrir evrópsk ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára. Eins fór fjölmennur hópur á vegum ÍSÍ á Smáþjóðaleikana í Andorra í maímánuði 2025.

## FRÆÐSLU- OG ALMENNINGSÍÞRÓTTAVERKEFNI

ÍSÍ stendur fyrir fjölmörgum fræðsluviðburðum á hverju ári, oft í samstarfi við UMFÍ og fleiri hagaðila.

Einnig er þjálfaramenntun ÍSÍ sívinsæl en áhersla hefur verið á fjarnám undanfarin ár.

Íþróttahreyfingin sinnir stórum verkefnum árlega, sem hafa það að markmiði að bæta lýðheilsu þjóðarinnar. Má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Hjólað í skólann, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu, Ólympíuhlaupið, Ólympíudaginn og Syndum. Frábær þátttaka var í verkefnum ÍSÍ á árinu. Unnið er að samþættingu verkefna á sviði almenningsíþróttta, einföldun skráninga og uppfærslu kerfa.

Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni ÍSÍ og Landssambands eldri borgara (LEB), með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti. Megináhersla er lögð á að skipulögð hreyfing og tómstundastarf standi öllu fólki 60 ára og eldra til boða. Athygli er vakin á lendingarsíðunni Hreyfing í boði, á Ísland.is, sem sýnir fjölbreytt úrval af hreyfingu og tómstundastarfi fyrir eldra fólk víðs vegar um landið.

Eins má nefna verkefnið Allir með sem samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og Íþróttasambands fatlaðra, sem er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og auka þátttöku fatlaðra í Íþróttastarfi.

## FERÐASJÓÐUR

Árlega er úthlutað úr Ferðasjóði Íþróttafélaga. Fjárframlag í sjóðinn kemur alfarið frá ríkinu en ÍSÍ hefur umsjón með sjóðnum, þ.e. umsóknarferli, úrvinnslu og úthlutun. Síðastliðin ár hefur verið úthlutað árlega 123,9 milljónum til Íþróttafélaga um allt land, byggt á umsóknum. Framlag í sjóðinn vegna ársins 2026 hækkar um 100 m. króna, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið.

## SVÆÐISSTÖÐVAR ÍÞRÓTTAHERAÐA

Svæðisstöðvar Íþróttahéraða er sameiginlegt verkefni ÍSÍ og UMFÍ með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og er markmiðið með því að efla Íþróttahéruð með sameiginlegum starfsstöðvum sem þjónusta Íþróttahéruðin og Íþróttafélögin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Á heimasíðu svæðanna, [www.siu.is](http://www.siu.is) má finna verkfærakistu með gagnlegum skjölum er varða m.a. rekstur Íþróttafélaga.

Hvatasjóður, á vegum ÍSÍ og UMFÍ og með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis, stuðlar að aukinni þátttöku barna og ungmenna í Íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Upplýsingar um starfsemi og verkefni ÍSÍ má finna á heimasíðu ÍSÍ, [www.isi.is](http://www.isi.is).





ULM 2025 Egilsstaðir - setningarathöfn

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2025. Áfram er unnið að því að auka samstarf í íþróttahreyfingunni, mikilvægar ákvarðanir voru teknar á þingi og stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ var ýtt úr vör. Árið 2025 er árið sem öll íþróttahéruð urðu aðilar að UMFÍ þegar ÍBV bættist í hópinn og eru nú því öll 25 íþróttahéruð og þar með talin öll aðildarfélög aðilar að UMFÍ.

## ÁRIÐ Í HNOTSKURN

- Sambandsþing
- Öll íþróttahéruð í UMFÍ - fjölgun sambandsaðila
- Björgunarpakkinn
- Lottógreiðslur
- Mót og viðburðir
- Skólabúðir
- Stefnumótun UMFÍ og ÍSÍ
- Svæðisfulltrúar
- Styrkir (Hvatasjóður, Fræðslu- og verkefnasjóður og fleira)

## SAMBANDSPING UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ fór fram dagana 10. - 11. október 2025. Sambandsþingið er æðsta vald í málefnum UMFÍ hverju sinni. Fjölmenni var á þinginu frá fleiri þingfulltrúum en nokkru sinni. Á þingið mættu í fyrsta sinn fulltrúar Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) en bandalagið hafði fengið aðild að UMFÍ um vorið. Til marks um tímamótin komu fulltrúar allra íþróttahéraða á Suðurlandi á þingið saman í lítilli rútu á vegum Guðmundar Tyrfingssonar. Aldrei áður hafa fulltrúar allra íþróttahéraða landsins setið sambandsþing UMFÍ.

Á fundinum voru afhent fern Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit, Ungmennafélag Reykdæla, Íþróttafélagið Undri í Dalabyggð og heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar. eftir að leggja fyrir aðalfund í Vestmannaeyjum og málið því enn í ferli.

## ÖLL ÍÞRÓTTAHÉRUÐ Í UMFÍ

Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) varð sambandsaðili UMFÍ í maí árið 2025. Þar með lauk vegferð sem hófst fyrir rúmum 25 árum þegar íþróttabandalög landsins sóttu fyrst um aðild að UMFÍ. Þau fengu lengi vel neitun. Fyrstu íþróttabandalögin fengu umsókn um aðild að UMFÍ samþykkt árið 2019 og hefur þeim fjölgað síðan þá. Með aðild ÍBV voru öll íþróttafélög landsins orðin að aðildarfélögum UMFÍ.

„UMFÍ er búið að ná því að vera þessi landssamtök sem það stendur fyrir. Allt landið undir og þar með víðfeðmara og meiri kraftur“ sagði Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í tilefni af þessum áfanga.

## BJÖRGUNARPAKKINN

Samþykkt var á Sambandsþingi UMFÍ í október 2025 að greiða tilteknum íþróttahéruðum samtals 60 milljónir króna næstu tvö árin. Þetta er tímabundin fjárhagsaðstoð sem veitt er annars vegar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ og hins vegar með því að ganga á eigið fé UMFÍ. Aðgerðin var talin nauðsynleg til að dempa höggið sem sumir sambandsaðilar urðu fyrir vegna breytinga á útgreiðslu lottófjár sem samþykktar voru á sínum tíma.

Eftir Sambandsþingið var vinnuhópur settur á laggjrnar sem vann tillögurnar áfram. Í nóvember sama ár voru tillögurnar og útfærslan á björgunarpakkanum kynnt sambandsaðilum UMFÍ. Enn hélt vinna áfram við útfærsluna og sviðsmyndagreiningar. Uppfærðar tillögur voru lagðar fram á fundi stjórnar UMFÍ 12. desember 2025.

Niðurstaðan var sú að 19 íþróttahéruð af 20 sem sóttu um björgunarpakkann uppfylltu skilyrði og fengu greiðslur úr björgunarpakkanum. Tekið var fram við útgreiðsluna að um var að ræða einskiptisaðgerð sem ekki er hægt að gera ráð fyrir til framtíðar.

## LOTTÓ

UMFÍ greiddi sambandsaðilum 361,5 milljón krónur á síðasta ári. Hluti af upphæðinni er 63,2 milljóna króna aukagreiðsla sem greidd var eignaraðilum Íslenskrar getspár vegna góðrar afkomu á árinu. Af heildarupphæðinni, 361,5 milljónum króna, fóru 63,7 milljónir, eða sem nemur 15% til svæðisstöðva íþróttahéraðanna.

Til samanburðar nam heildargreiðslan 293 milljónum króna árið 2024, þar af nam aukagreiðsla vegna góðrar afkomu Íslenskrar getspár, 44 milljónum króna.

## MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

### Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 27. - 29. júní árið 2025 í Fjallabyggð. Keppt var í þrettán greinum bæði á Siglufirði og á Ólafsfirði. Þetta var í þrettánda sinn sem mótið var haldið og fyrsta skiptið sem það var haldið í Fjallabyggð. Mikill áhugi var á mótinu í Fjallabyggð og voru þátttakendur 350 talsins. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Björn Skúlason, maður hennar, voru viðstödd setningu mótsins og sagði Halla þátttökuna sýna að aldur er engin fyrirstaða.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit og dreifist keppnissvæðið nokkuð. Mótið er haldið í samstarfi við Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) og sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit.

### UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmenna- og íþróttasamband Austurlandi (UÍA) og sveitarfélagið Múlaþing. Þátttakendur voru 1.082 talsins á aldrinum 11-18 ára og voru skráningar 5.588 talsins, sem er met. Boðið var upp á 21 íþróttagrein og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti. Héraðssamband Þingeyjinga (HSB) hlaut Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Unglingalandsmót UMFÍ fer næst fram á Sauðarkróki um verslunarmannahelgina 2026 í samstarfi við Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörð.

Úthlutun Unglingalandsmóta hefur verið breytt. Nú er horft til þess að mótið færist reglulega á milli nokkurra sambandsaðila.

### DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í fjórða sinn í Mosfellsbæ 16. ágúst 2025. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru þeir annað árið í röð yfir eitt þúsund. Það er um þreföldun frá fyrsta hlaupi. Hlaupaleiðin er jafn löng og áður og með fjölda hindrana, sem var breytt að stórum hluta árið 2025.



## STEFNUMÓTUN UMFÍ

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Samhliða henni kom út starfsáætlun til þriggja ára. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2024 var samþykkt að láta stefnu UMFÍ gilda til sambandsþings UMFÍ 2025. Á þingi UMFÍvar svo samþykkt að fara í sameiginlega stefnumótun með ÍSÍ. Sú vinna hófst með formlegum hætti á formannafundi ÍSÍ á Akranesi strax í nóvember. Í framhaldinu var fundað með fulltrúum íþróttafélaga, sveitarfélaga og mörgum fleirum um heildstæða stefnumótund. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá fyrirtækinu Expectus ráðgjöf hefur stýrt fundunum frá upphafi. Unnið hefur verið að því að heyra sem raddir flestra. Í kjölfarið hafa verið skipulagðir fundir víða um land með forsvarsfólki íþróttahéraða og sveitarfélaga þar sem einblínt er á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

## ERTU Á ALMANNAHEILLASKRÁ?

Það getur borgað sig að skrá íþrótt- og ungmennafélagið sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá Skattsins. Félög á skránni fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og getur það munað heilmiklu fyrir félög hvort sem þau eru stjórn eða lítil. Skráning á almannaheillaskrá Skattsins eykur líkur á að fólk og fyrirtæki leggi félagi sínu til stuðning ef fyrir liggur að viðkomandi fær endurgjöf í formi skattafrádráttar.

## FRÆÐSLA OG FORVARNIR

### UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA

Um 100 ungmenni á aldrinum 15 – 25 ára af öllu landinu tók þátt í ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðheilsa, sem fram fór í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrutafirði í september 2025. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru félagslegir tófrar og þau ósýnilegu gildi sem verða til í samskiptum og samveru fólks. Þeir móta hugmyndir, hegðun og sjálfsmynd fólks. Draga fólk hvert að öðru, gerir hóp að liði og samfélag að samfélagi. Ráðstefnan hefur það markmið að hvetja ungt fólk til þátttöku í félagsstarfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar á nýjan hátt, ekki aðeins með því að mæta á hefðbundar íþróttæfingar. Félagsfræðingurinn Viðar Halldórsson flutti erindi um félagslega töfra og stýrði vinnustofum.

Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og koma með tillögur að bættri lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góða. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

## MIDLUN OG SAMSKIPTI

### STARFSSKÝRSLUSKIL

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2023. Eins og á við um alla hluti er ævinlega unnið að því að bæta kerfið og gera það notendavænna.

Það er á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær við skil þeirra í kerfin.

Skilafrestur er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það trassa nokkur félög skilin þegar lokadagurinn rennur upp. UMFÍ hvetur íþróttahéruð til þess að bregðast við sé skýrslum ekki skilað hjá aðildarfélögum sínum.

## ÚTGÁFA OG KYNNINGAMÁL

Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2025, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ líka út mjög reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugir mála á hverju ári. kynningamál

## SAMSTARF

UMFÍ leggur áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í fjölmörgum verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og UMFÍ vinna náið saman að fjölmörgum verkefnum.

Stærsta sameiginlega verkefnið eru svæðisstöðvar íþróttahéraðanna auk skilakerfis íþróttahreyfingarinnar og ýmsum viðburðum eins og ráðstefnan Konur og Íþróttir, sem haldin hefur verið ár hvert upp á síðkastið í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Nú síðast var viðburðurinn haldinn föstudaginn 6. mars 2025 þar sem m.a. voru kynnt rúmlega 40 fræðsluviðeð. Um 80 þátttakendur mættu á viðburðinn sem fram fór í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Margir fleiri viðburðir eru unnið saman, þar á meðal stefnumótun íþróttahreyfingarinnar og fleiri minni verkefni. Ekki má gleyma viðburðum á Degi sjálfbodaliðans 5. desember ár hvert, sálfélaglegri þjálfun sem byggir á aðferðafræði 5C, verkefninu Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi - og mörg fleiru.

UMFÍ vinnur líka með ÍSí að ýmsum öðrum verkefni, svo sem í slagtoggi við Íþróttasamband fatlaðra að verkefninu Allir með, ráðstefnu á Reykjavíkurléikunum með Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Forvarnardeginum, sem haldinn er í grunn- og framhaldsskólum landsins einu sinni á ári með Embætti landlæknis, forsetaembættinu og fleirum. Á meðal annarra verkefna má nefna Æskulýðsvettvanginn, sem UMFÍ starfrækir með Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Undir merkjum Æskulýðsvettvangsins og í samstarfi við m.a. samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur verið unnin samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsfélög, siðareglur og ýmislegt fleira.

Þá er ótalin Leiðtogaþjálfun, sem var ýtt úr vör í byrjun árs 2026 og er samstarfsverkefni UMFÍ, KSÍ og UEFA (evrópska knattspyrnusambandsins). Fyrirtækið KVAN vinnur í samstarfi við íþróttafélagið Fram og Dalsskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla. Verkefnið byggir á þeirri hugmynd að öll sem vilja geti tileinkað sér leiðtogahefni og þess háttar hegðun og geti unnið gegn neikvæðri hegðun.

## SVÆÐISFULLTRÚAR

Sextán svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hófu störf um allt land um mitt ár 2024. Á þeim tíma hafa þeir unnið að fjölda verkefna sem snúa að aukinni þátttöku barna í íþróttum, bættu aðgengi og samvinnu hagsmunaaðila. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu.

Ásamt því að hver svæðisfulltrúi vinni á sínu svæði, þá vinna þeir saman í vinnuhópum þvert á svæðin. Málefnið sem hóparnir vinna að hverju sinni eru ákveðin í takt við það sem ákall er um í hreyfingunni.

Á meðal fjölmargra verkefna sem svæðisfulltrúarnir hafa komið að með einum eða öðrum hætti eru eftirfarandi:

Ferðakostnaður barna á landsbyggðinni.

- Aukið framboð á íþróttagreinum og ný úrræði fyrir börn með fötlun.
- Samþætting íþrótt- og skólustarfs.
- Aukin þátttaka barna af erlendum uppruna, m.a. með móttökuáðgerðum og kynningarbæklingum á fjölda tungumála.
- Aðgerðaráætlanir fyrir sitt landssvæði.
- Málþing og ráðstefnur í samstarfi við íþróttahérað.
- Samvinna við sveitarfélag um að koma á frístundastyrk í sveitarfélagi.
- Samningar íþróttahéraða og aðildarfélaga við sveitarfélög
- Stuðningur á æfingum við börn með fatlanir eða aðrar áskoranir.
- Íþróttaskóli - samþætting frístundar og íþróttastarfs sem miðar að því að allir hafi tækifæri til að stunda íþróttir.

## REKSTUR

### HVATASJÓÐUR ÍÞRÓTTAHREYFINGARINNAR:

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum ÍSí og UMFÍ með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna í íþróttum í samræmi við sérstaka áhersluflokka. Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025 og voru veittir 154 styrkir upp á samtals 87 milljónir króna í þau þrjú skipti sem opnað var fyrir umsóknir. 58 styrkir voru veittir til eflingar þátttöku barna með fötlun, 20 styrkir veittir til að efla þátttöku barna frá tekjulægri heimilum og 22 styrkir voru veittir til að efla þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Til viðbótar voru 54 styrkir veittir til útbreiðslu og þátttöku barna í íþróttum.

### FRÆDSL- OG VERKEFNASJÓÐUR

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ er stærstur sjóðanna en hann styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Umsóknarfrestir eru tveir á ári, að vori og að hausti. Árið 2025 bárust sjóðnum 242 umsóknir um styrki. Styrkir voru veittir til 195 verkefna upp á rúmar 53,5 milljónir króna. Til samanburðar hlutu 177 verkefni styrki upp á rétt rúmar 39,2 milljónir króna árið 2024 og 144 verkefni hlutu styrk upp á rúmar 20 milljónir árið 2023.

### UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2025 voru veittir styrkir til fimmtán verkefna upp á 6,2 milljónir króna. Til samanburðar voru verkefnið sex árið 2025 upp á 3,4 milljónir.



# Lottóreglugerð UMSS

## I. Skipting lottótekna UMSS:

- 70% til sambandsaðila.
- 25% til UMSS.
- 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

## II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

- 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

## III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þau aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

## IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Sportabler. Iðkendatölur skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

## V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Sportabler, skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

## VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Sportabler og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

## VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

## VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Samþykkt á 104. Ársþingi UMSS 27. apríl 2024



Aðildarfélög UMSS	Lottó	Félagsgjöld	Samtals lottó + félagsgjöld	Ógreitt til aðildarfélaga
Bílaklúbbur Skagafjarðar	266.006 kr	60.000	326.006 kr	31.439 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	633.006 kr	130.200	763.206 kr	77.450 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1.263.477 kr	273.600	1.537.077 kr	151.714 kr
Íþróttafélagið Gróska	51.576 kr	3.000	54.576 kr	7.905 kr
Pílukastfélag Skagafjarðar	229.239 kr	20.400	249.639 kr	33.654 kr
Siglingarklúbburinn Drangey	135.826 kr	57.000	192.826 kr	10.529 kr
Ungmenna og Íþróttafélagið Smári	566.477 kr	298.800	865.277 kr	31.113 kr
Ungmennafélagið Hjalti	181.506 kr	132.000	313.506 kr	2.370 kr
Ungmennafélagið Neisti	338.156 kr	228.000	566.156 kr	8.172 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	2.112.200 kr	805.800	2.918.000 kr	180.616 kr
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	51.923 kr	42.000	93.923 kr	0 kr
Samtals	5.829.393 kr	2.050.800	7.880.193 kr	534.961 kr

# Íslenskar getraunir

# Styður þú þitt félag!

Íslenskar getraunir er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er markmið þess að afla íþróttahreyfingunni fjár með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Rekstur Getrauna hefur gengið vel og hefur fyrirtækið skilað íþróttahreyfingunni hundruðum milljóna ár hvert.

Á sama markaði eru starfandi fjöldi erlendra veðmálafyrirtækja sem eru í samkeppni við Íslenskar getraunir, en þurfa ekki að lúta þeim lögum og reglum sem gilda á Íslandi.

En er einhver munur á starfsemi Íslenskra getrauna og erlendu veðmálafyrirtækjanna, annar en sá að Getraunir skila arðinum til íþróttahreyfingarinnar og erlendu veðmálafyrirtækin skila arðinum til sinna eigenda? Svarið má sjá í töflunni hér fyrir neðan þar sem Getraunir eru bornar saman við erlendu veðmálafyrirtækin.

Samkvæmt íslenskum lögum hafa Íslenskar getraunir einkarétt á að bjóða upp á íþróttaveðmál á Íslandi. Hvorki stjórnvöld né laganna verðir hafa haft áhuga á að fara eftir lögum landsins og koma í veg fyrir starfsemi erlendra veðmálafyrirtækja. Úrræðin eru fyrir hendi og nýtt í öllum öðrum löndum Evrópu.

Við óbreytt ástand munu Íslenskar getraunir eiga undir högg að sækja en vonandi eru breytingar framundan sem tryggja áframhaldandi tekjustreymi frá Getraunum til íþróttahreyfingarinnar.

Pétur Hrafn Sigurðsson  
sviðsstjóri

## Ólöglegar erlendar veðmálasíður

Bónusar  
VIP stofa (eyða meira=betri þjónusta)  
Hundruðir leikja „live“ á hverjum degi

Hundruðir leikja „live“ á hverri nóttu

Hundrað evrur „gefins“  
Unglingaleikir  
Engin hámarksupphæð  
Ekkert hámark á tapi  
Ekkert hámark á inneign á spilareikning  
Allskonar veðmál, Eurovision, pólitik o.fl.  
Neikvæð veðmál  
Markaðssett fyrir ungt fólk  
Spilviti

Marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn

## Lengjan

Engir bónusar  
Engin VIP stofa  
Lengjan beint frá 08 – 23 virka daga  
12 – 20 leikir í dag – max 700 á mán.  
Lengjan beint – engir næturleikir  
2 – 3 næturleikir um helgar.  
Engar peningagjafir  
Engir unglíngaleikir  
Hámarksupphæð pr. dag, viku, mánuð  
Hámark á tapi  
Hámarksupphæð á spilareikning  
Aðeins íþróttir  
Engin neikvæð veðmál  
Ekkert markaðssetning fyrir ungt fólk  
Ekkert spilaviti

Engin tengsl við spilavanda og spilafíkn

## Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

## 550 KND Tindastóll

**2025 522.184 kr.** (komið 2026 – 366.444 kr.)

2024 396.526 kr.

2023 1.137.838 kr.

2022 389.684 kr.

## 551 Ungmennafélagið Hjalti

**2025 42.783 kr.** (komið 2026 – 9.750 kr.)

2024 31.577 kr.

2023 23.881 kr.

2022 4.225 kr.

## 554 Golfklúbbur Skagafjarðar

**2025 45.760 kr.** (komið 2026 – 12.272 kr.)

2024 44.720 kr.

2023 74.932 kr.

2022 57.363 kr.

## 560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

**2025 72.033 kr.** (komið 2026 – 15.483 kr.)

2024 52.988 kr.

2023 47.047 kr.

2022 49.880 kr.

## 566 Ungmennafélagið Neisti

**2025 115.167 kr.** (komið 2026 – 28.301 kr.)

2024 105.911 kr.

2023 63.245 kr.

2022 58.825 kr.

## Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélögnum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram. Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjáröflun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt. Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580- 2500 eða í netfang [phs@getspa.is](mailto:phs@getspa.is).



# Styrkir frá Íþróttasjóði, Ferðasjóði ÍSÍ og UMFÍ

# Skagafjörður - styrkir til barna og unglिंगastarfs aðildarfélaga UMSS árið 2025

## Íþróttasjóður 2025

Ungmennasamband Skagafjarðar	Fræðsludagur UMSS	400.000 kr.
Unglingaráð kkd. Tindastóls	Boltar og boltageymslur	300.000 kr.
		<b>700.000 kr</b>

## Ferðasjóður ÍSÍ 2025

	Úthlutað til aðildarfélaga og deilda vegna ferða 2025	<b>6.319.099kr.</b>
--	---	---------------------

## Hvatasjóður

	Búnaðarbanki	
Badmintondeild Tindastóls	Badmintondeildarinnar	250.000 kr
UMSS	Námskeið og vinnustofur	400.000 kr
UMSS	Vinnustofa um íþróttir fatlaðra í Skagafirði	200.000 kr
		<b>850.000 kr</b>

## UMFÍ

<b>maí.25</b>	Engin umsókn frá UMSS eða aðildarfélögum	
<b>des.25</b>		
Badmintondeild Tindastóls	Námskeið í badminton fyrir íþróttakennara	160.000 kr.
Unglingaráð kkd. Tindastóls	Dómara og þjálfaranámskeið	250.000 kr.
Knattspyrnudeild Tindastóls	Fyrirlestrar fyrir born og ungmenni hjá deildinni	280.000 kr.
Júðódeild Tindastóls	Judo Intellectual Disability Project	125.000 kr.
<b>Samtals</b>		<b>815.000 kr</b>

<b>Hestamannafélagið Skagfirðingur</b>	1.610.205 kr
<b>Íþrótt- og ungmennafélagið Smári</b>	1.032.631kr
<b>Ungmennafélagið Neisti</b>	323.791 kr
<b>Ungmennafélagið Hjalti</b>	108.000 kr
<b>Tindastóll</b>	
Badmintondeild	393.800 kr
Frjálsíþróttadeild	437.556 kr
Unglingaráð knattspyrnudeildar	1.884.376 kr
Unglingaráð körfuknattleiksdeildar	2.581.578 kr
Skíðadeild	262.533 kr
<b>Ungmennasamband Skagafjarðar</b>	<b>1.800.000 kr</b>
<b>Samtals</b>	<b>10.434.000 kr</b>



FRANNSÓKNIR - NÝSKÖPUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF  
**HIÞGAÐ OG LENGRA**

STUÐNINGUR **teekni**  
 UPPBYGGING  
 SAMSTARF JÁ ÞJÓNUSTA  
 KENNARASKIPTI **FRÆÐSLA**  
 STYRKIR **ÍSÍ** VÍSINDI  
 ALÞJÓÐASAMSTARF **ORKA**  
 UPPLÝSINGAR MENNINGARACTUN  
**fráleiðni** **EVNÓFUSAMVINNA**  
 RÁÐGJÖF **PRÓUN** **hæðir**  
 TUNGUMÁL **fráleiðni** **EVNÓFUSAMVINNA**  
 VERISMÆTI **STARFSNÁM**  
**fráleiðni** **EVNÓFUSAMVINNA**



FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ALLA - BRÚUM BILÍÐ



Skagafjörður



FERÐASJÓÐUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA





# Landsmót

5.-11. júlí 2026

# Lög Ungmennasambands Skagafjarðar

## I. kafli Um Sambandið

### 1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS lýtur lögum Ungmennasambands Íslands (UMFÍ) og Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ).

### 2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

### 3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi aðildarfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög ÍSÍ.

- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum aðildarfélaganna og vera málsvari þeirra út á við.

- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

## II. kafli Um Aðildarfélag

### 4. grein

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög og stefnuskrá UMSS, UMFÍ og ÍSÍ. Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSÍ. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

### 5. grein

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar UMSS, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfellt gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur aðildarfélags skal staðfestur á ársþingi.

### 6. grein

Aðildarfélagum UMSS er skylt að halda aðalfund árlega og ber að tilkynna þá með tveggja vikna fyrirvara til UMSS. Hvert félag skal gera skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Félagatal, ársreikningur og

stjórnarskipan skal færð inn í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður. Starfsskýrslum aðildarféлага og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en viku fyrir boðað ársþing UMSS.

### 7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6. gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSÍ eða sérsambönd innan ÍSÍ heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSÍ þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSÍ. Félag sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSÍ og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.

Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSÍ og lögum sérsambandanna.

## III. kafli Um Ársþing

### 8. grein

Ársþing UMSS er æðsta vald í málefnum UMSS og skal haldið árlega, eigi síðar en 30. apríl.

Stjórn UMSS ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélagum, séráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með minnst viku fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélagum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en tveim vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélagum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukþings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarféлага. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSÍ.

Ákvæði um boðun aukþings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings. Óheimilt er að breyta lögum og kjósa nýja stjórn (nema til bráðabirgða) á milli ársþinga nema kallað sé til aukþings.

### 9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kys stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

### 10. grein

- Dagskrá ársþings skal vera þessi
- Þingið sett
- Kosning starfsmanna þingsins
  - Þingforseti og varaforseti
  - Þingritari og vararitari
- Kosning kjörbréfanefndar
- Skýrsla stjórnar

### 10. grein frh.

- Reikningar sambandsins og sjóða
- Kjörbréfanefnd skilar álit
- Atkvæðagreiðsla um reikninga
- Ávörp gesta
- Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði
- Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum
- Skipan í starfsnefndir
  - Allsherjarnefnd
  - Fjárhagsnefnd
  - Íþróttanefnd
  - Aðrar nefndir
- Nefndarstörf
- Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu
- Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar
- Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
  - Kosning formanns
  - Kosning fjöggra einstaklinga í stjórn
  - Kosning þriggja einstaklinga í varastjórn
  - Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
- Önnur mál
- Þingslit

### 11. grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs er gerð upp með lottóúthlutunum 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

### 12. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

### 13. grein

Formenn aðildarféлага eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra féлага (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.
- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.
- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 féлага þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna.

# Lög Ungmennasambands Skagafjarðar

## 13. grein frh.

Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

## IV. kafli Um Stjórn

### 14. grein

Stjórn UMSS skipa fimm einstaklingar: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til tveggja ára. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír einstaklingar í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Stjórn skipar fulltrúa á þing og fundi UMFÍ og ÍSÍ.

### 15. grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

### 16. grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

## V. kafli Sérráð

### 17. grein

Innan UMSS geta starfað sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

### 18. grein

Sérráð eru skipuð af stjórn UMSS, en skulu almennt skipuð fulltrúum deilda aðildarféлага sem sinna viðkomandi grein eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

### 19. grein

Sérráð skulu annast skipulag og framkvæmd héraðsmóta í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

## VI. kafli Önnur Ákvæði

### 20. grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukapings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

### 21. grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarféлага UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

### 22. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

*Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011, 2018, 2022, 2023 og 2025.*





# Reglugerð um val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði

**1.gr.** Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

**2.gr.** Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefninga í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

- |                                     |              |
|-------------------------------------|--------------|
| • Bítlaklúbbur Skagafjarðar         | 1 tilnefning |
| • Golfklúbbur Sauðárkróks           | 1 tilnefning |
| • Hestamannafélagið Skagfirðingur   | 1 tilnefning |
| • Íþróttafélagið Gróska             | 1 tilnefning |
| • Siglingaklúbburinn Drangey        | 1 tilnefning |
| • Ungmenna- og íþróttafélagið Smári | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Hjalti            | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Neisti            | 1 tilnefning |
| • UMFT Badmintondeild               | 1 tilnefning |
| • UMFT Bogfimdeild                  | 1 tilnefning |
| • UMFT Frjálsíþróttadeild           | 1 tilnefning |
| • UMFT Júðódeild                    | 1 tilnefning |
| • UMFT Knattspyrnadeild             | 1 tilnefning |
| • UMFT Kjörfuknattleiksdeild        | 1 tilnefning |
| • UMFT Skíðadeild                   | 1 tilnefning |
| • UMFT Sunddeild                    | 1 tilnefning |
| • Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar      | 1 tilnefning |

Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS.

Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

**3.gr.** Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttgrein.

**4. gr.** Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landslið) í unglunga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglunga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglunga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

**5.gr.** Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

**6.gr.** Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara. Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningafund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

**7. gr.** Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

**8.gr.** Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

**9.gr.** Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggja að baki hvers titils.


**10. gr.** Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

**11.gr.** Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

## **12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS**

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefningin skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglunga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt. Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).





# TILNEFNINGAR TIL ÍÞRÓTTAMANNNS SKAGAFJARÐAR 2025



**ANNA KAREN  
HJARTARDÓTTIR**



**DAVID  
BERCEDO**



**EMMA KATRÍN  
HELGAÐÓTTIR**



**FREYR HUGI  
HERBERGSSON**



**S. ARNAR  
BJÖRNSSON**



**ÞÓRGUNNUR  
ÞÓRARINSDÓTTIR**



# Íþróttamaður ársins 2025

## Sigtryggur “Arnar” Björnsson

Arnar var og er einn af máttarstólpum liðsins sem varð deildarmeistari í körfuknattleik vorið 2025, ásamt því að hafa spilað síðastliðið sumar með landsliði Íslands á lokamóti Eurobasket og hafa verið fastamaður landsliðsins undanfarin misseri. Kraftur hans, leikgleði og óbilandi vinnusemi á báðum endum vallarins hefur skipað honum í fremstu röð íslenskra körfuboltamanna. Arnar leggur hart að sér, æfir mikið og hefur mikinn metnað fyrir hönd bæði sjálfrar sín sem og liðsins. Arnar er liðsfélögum sínum og yngri iðkendum mikil fyrirmynd og hann er sannur liðsmaður bæði innan vallar sem utan.



## Íþróttamenn UMSS frá 1980 - 2025

- |   |   |
|---|---|
| 1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir     | 2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir           |
| 1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund                 | 2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir                     |
| 1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir     | 2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti              |
| 1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund                | 2006 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir               |
| 1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir    | 2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir               |
| 1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir     | 2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna                |
| 1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir | 2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir                   |
| 1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir | 2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir           |
| 1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund           | 2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir                   |
| 1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna         | 2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir        |
| 1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir     | 2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir |
| 1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti          | 2014 Baldur Haraldsson, Bílakil. Skagafjarðar, akstursíþróttir  |
| 1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir         | 2015 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir |
| 1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna      | 2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti              |
| 1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir         |
| 1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2018 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir |
| 1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir         |
| 1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2020 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir         |
| 1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2021 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir         |
| 1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2022 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti              |
| 2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir   | 2023 Sigtryggur Arnar Björnsson, Tindastóll, körfubolti         |
| 2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir     | 2024 María Dögg Jóhannesdóttir, Tindastóll, knattspyrna         |
| 2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir    | 2025 Sigtryggur Arnar Björnsson, Tindastóll, körfubolti         |
| 2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir     |   |



# Lið UMSS 2025

## Meistaraflokkur karla,

### UMF Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Liðið varð deildarmeistari á vordögum 2025 og fór alla leið í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Í haust hefur liðið spilað bæði í íslensku úrvalsdeildinni og ENBL Evrópudeildinni. Þegar þetta er rita er liðið í 2.sæti í Bónusdeild karla og í 3.sæti í ENBL deildinni, auk þess að vera komið í 16 liða úrslit í VÍS-bikar keppni KKÍ.



# Þjálfari UMSS 2025

## Atli Freyr Rafnsson

### Golfklúbbur Skagafjarðar

Atli Freyr Rafnsson hefur undanfarin ár séð um barna- og unglingsþjálfun hjá Golfklúbbi Skagafjarðar. Hann er góð fyrirmynd fyrir unga kylfinga og sýnir í senn fagmennsku og einlægan áhuga á velferð og framförum nemenda sinna. Atli Freyr skipuleggur fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar og umhverfi þar sem ríkir traust, stuðningur og hvatning sem er grundvöllur framfara. Nemendur hans hafa náð góðum árangri á innanfélagsmótum og hafa veitt eldri kylfingum harða keppni. Þá hafa ungir kylfingar úr hans hópi vakið athygli á mótum á vegum Golfsambands Íslands, bæði með frammistöðu sinni og þrúðri framkomu, sem endurspeglar faglegt og metnaðarfullt starf Atla Freys. Auk barna- og unglingsþjálfunar hefur hann séð um nýliðþjálfun innan GSS, þar sinnir hann ekki aðeins kennslu á tæknilegum atriðum í golfi, heldur vinnur markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og áhuga nýrra kylfinga á öllum aldri. Fjöldi nýliða hefur notið góðs af faglegri og hlýrri leiðsögn hans. Með stöðugri, faglegri og nærgætni hefur Atli Freyr byggt upp sterkan grunn fyrir golfíþróttina í Skagafirði. Starf hans styrkir ekki aðeins Golfklúbb Skagafjarðar heldur íþróttastarf í Skagafirði í heild og þar með stöðu golfíþróttarinnar innan UMSS.



Samhæfum og tryggjum hágæð  
kennslu í golfi á Tindastóll

# Hvatningarverðlaun UMSS 2025

# Landsliðsfólk UMSS 2025

**Brynjar Morgan Brynjarsson**

Golfklúbbur Skagafjarðar



**Sigríður Elva Elvarsdóttir**

Hestamannafélagið Skagfirðingur



**Sigrún Sóllilja Eypórsdóttir**

Hestamannafélagið Skagfirðingur

**Sigrún Sunna Reynisdóttir**

Hestamannafélagið Skagfirðingur

SKAGFIRÐINGUR

**Friðrik Henry Árnason**

Pílukastfélag Skagafjarðar



**Nína Júlía Þórðardóttir**

Pílukastfélag Skagafjarðar

**Friðrik Logi H. Knútsson**

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári



**Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir**

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

**Arnar Orrason**

Ungmennafélagið Neisti



**Anna Lára Halldórsdóttir**

UMF Tindastóll Frjálsíþróttadeild

**Auðunn Ármann Sindrason**

UMF Tindastóll Frjálsíþróttadeild

**Hallur Atli Helgason**

UMF Tindastóll Körfuknattleiksdeild

**Hrafney Lea Árnadóttir**

UMF Tindastóll Knattspyrnudeild

**Jóhanna María Grétarsdóttir Noack** UMF Tindastóll Júðódeild

**María Hrönn Helgadóttir**

UMF Tindastóll Körfuknattleiksdeild

**Styrmir Snær Rúnarsson**

UMF Tindastóll Knattspyrnudeild

**Víkingur Týr Thorlacius**

UMF Tindastóll Badmintondeild



**Sveinbjörn Óli Svavarsson**

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)



**Birgitta Rún Finnbogadóttir**

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)

**Elísa Bríet Björnsdóttir**

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)



**Ragnar Ágústsson**

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)

**Sigtryggur Arnar Björnsson**

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)



**Daníel Gunnarsson**

Landssamband Hestamannafélaga (LH)

**Þórgunnur Þórarinsdóttir**

Landssamband Hestamannafélaga (LH)



Leikjanámskeið Ungmennafélagið Hjalti



## SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA UNGMENNASABANDS SKAGAFJARÐAR





Í maí næstkomandi verða liðin 37 ár frá því að BÍLAKLÚBBUR SKAGAFJARÐAR var stofnaður. Óhætt er því að segja að margir þeirra sem eru virkir í starfi félagsins eru mun yngri en félagið sjálft.

Síðasti aðalfundur var haldinn 5. mars 2025. Frá þeim tíma hafa verið haldnir þrjú stjórnarfundir, auk fundahalda vegna keppnishalds. Þá hafa fulltrúar félagsins mætt á ýmsa viðburði innan íþróttahreyfingarinnar og akstursíþróttá þá sérstaklega. BÍLAKLÚBBUR SKAGAFJARÐAR átti fulltrúa á ársþingi UMSS sl. vor þar liggja fyrir tillögur að breytingum á úthlutunarreglum lottótækna sem setja mun strik í reikninginn fyrir BÍLAKLÚBBINN og lækka tekjur. Meiri áhersla verður lögð á að fjármunir renni til starfs barna og ungmenna yngri en 18 ára. Fulltrúar BÍLAKLÚBBINS gerðu grein fyrir sjónarmiðum félagsins á fundi UMSS sl. vor og aftur á formannafundi sem haldinn var nú í mars. Áfram verður BÍLAKLÚBBURINN að leggja kapp á að senda fulltrúa á þá fundi sem UMSS boðar og skila viðeigandi gögnum á borð við ársskýrslu og ársreikning. Undantekningar á því munu kosta félagið tekjumissi. Samhljóða gögnum skilar félagið einnig ávallt til AKÍS. Nauðsynlegt mun reynast fyrir BÍLAKLÚBBINN að huga að fjáröflun með öðrum hætti en verið hefur, fari svo að vænt áhrif breytinganna gangi eftir og hefur lítilla verið rætt um færar leiðir í þeim efnum á aðalfundi og innan stjórnar. ÍSÍ hefur nýlega endurskoðað samþykktir og sent út bréf þar sem þess er farið á leit við aðildarfélög að þau geri breytingar á sínum lögum til samræmis. Erindi vegna þessa barst það seint að ekki var ráðrúm til breytinga á samþykktum BÍLAKLÚBBINS SKAGAFJARÐAR á aðalfundi 2025 en ráðast þarf í endurskoðun fyrir aðalfund 2026.

Líkt og undanfarin ár hélt BÍLAKLÚBBUR SKAGAFJARÐAR rallýkeppni, síðustu helgi fyrir verslunarmannahelgi. Dagsetningin hefur unnið sér sess innan héraðs og utan. Keppnin er hluti af Íslandsmeistaramótinu í ralli. 17 áhafnir mættu til leiks í sumar, 12 luku keppni. Veðrið var gott, lundarfarið enn betra og samstarfsaðilar í ár voru Ljóma (Kjarnavörur) og VélaVal sem hýsti skoðunaraðstöðu, stjórnstöð og starfsmannafund. Bestu þakkir fyrir það.

Keppnishaldið síðastliðið sumar var undir dyggri stjórn Benjamíns og Laufeyjar. Ásamt öðrum félagsmönnum voru Sigurjón Heiðar og Eyþór þeim mjög innan handar og hyggjast taka við keppnisstjórnina nú í sumar. Vert er þakka öllum þeim sem komu að keppnihaldinu í sumar, allir stóðu sig með mikilli þryði og viðburðurinn tókst vel. Ekki er á neinn hallað þó Benjamín og Laufey fái sérstakar þakkir, þau hafa stýrt keppnihaldinu af mikilli samviskusemi og góð sátt hefur ríkt um þeirra störf með starfsfólks, keppenda og annarra samstarfsaðila. Benjamín og Laufey voru tilnefnd til AKÍS í kjöri um sjálfboðaliða ársins og hlutu viðurkenningu fyrir það í lokahófinu í nóvember sl.

10. maí sl. fór fram bílasýning og hátíðarsamkoma í tilefni af 50 ára afmæli rallý á Íslandi. Viðburðurinn var haldinn á vegum BÍKR í kynningar- og fjáröflunarskyni. Ein áhöfn úr BS lagði til bíl á sýninguna og nokkrir félagar litu inn við þetta tækifæri.

Líkt og fyrri ár hefur formaður sótt formannafund og vorkund AKÍS, auk þess að starfa í keppnisráði í rallý. Þar er m.a. unnið að reglubreytingum fyrir greinina og ýmsum tæknilegum útfærslum á milli funda. Mestur tími að undanförunu hefur þó farið í að finna leiðir til að koma á fót rafrænum tímátökum hérlendis í ralli, líkt og tíðkast erlendis. Því miður er kostnaðurinn við kaup og notkun á erlendum kerfum það hár að hann yrði greininni algerlega ofviða. Hins vegar er nú horft til þess að smíðaður verði hugbúnaður hérlendis og keyptur viðeigandi vélbúnaður sem komið verði fyrir í keppnisbílanum. Fyrsta árið mun þurfa að fara fram hefðbundin tímataka samhliða prófunum á rafrænni tímátöku. Þegar þessi búnaður verður farinn að virka ætti hins vegar hefðbundið starf tímavarðar í rallý að heyra sögunni til. Við upphaf og enda sérleiða verður þá framvegis bara fólk sem gætir þess að leiðir séu örugglega lokaðar.



Félagar úr BÍLAKLÚBBI SKAGAFJARÐAR veittu aðstoð í keppnishaldi annarra félaga, s.s. í Hill rallý og Rallý Reykjavík. Þá mættu nokkrir félagar á lokahóf AKÍS og tveir eldri félagar voru heiðraðir þar með silfurmerki AKÍS.

Síðustu árin hefur starf BÍLAKLÚBBINS þróast á þann veg að það hafa í raun verið tveir hópar að störfum. Vissulega skarast hóparnir og eiga náið samstarf en annar hópurinn hefur s.s. séð sem mest um keppnishaldið og það sem því fylgir. Hinn hópurinn hefur aftur séð um félagið, rekstur þess, samskipti við önnur íþróttafélög, pappíra o.þ.h. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og leitt til þess að vinnuálag við starfið verður jafnara, dreifist betur og verkefni lenda ekki öll á fáum höndum. Almennt hefur gengið mjög vel að manna verkefni. Innan félagsins starfar fastur kjarni en á hverju ári koma líka nýjrir félagar að verkefnum. Það er jákvætt og eftirsóknarvert.

Stjórn BÍLAKLÚBBINS SKAGAFJARÐAR þakkar öllum sem tekið hafa þátt í starfi félagsins og samskiptum á liðnu starfsári. Megi nýtt ár verða öllum gott og árangursríkt.

f.h. stjórnar BÍLAKLÚBBINS SKAGAFJARÐAR, Baldur Haraldsson formaður

f.h. stjórnar Golfklúbbs SKAGAFJARÐAR, Róbert Óttarsson formaður



## Golfklúbbur Skagafjarðar

Nú er liðið viðburðarríkt og skemmtilegt starfsár Golfklúbbs Skagafjarðar. Ný stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var 25. nóvember 2024 og í framhaldinu voru allar starfsnefndir fullmannaðar. Vert er að þakka öllum þeim stjórnarmönnum og nefndarmönnum sem sinntu óeigingjörnu starfi síðastliðið starfsár. Sjálfboðastarf þessa fólks sem og allra annarra félagsmanna sem voru óþreytandi við að starfa fyrir klúbbinn og gefa vinnu sína er forsenda þess að við getum haldið úti svona metnaðarfullu starfi en samt boðið uppá viðráðanleg félagsgjöld og tryggt að gott og jafnt aðgengi sé að golfíþróttinni í Skagafirði.

Stöðug fjölgun félagsmanna hefur verið og í sumar voru félagsmenn 350 talsins sem við erum stolt af í ekki stærra sveitarfélagi. Bæjarbúar utan klúbbsins hafa einnig verið duglegir að mæta á æfingasvæðið og slá golfboltum og sjáum við mikla aukningu þar hjá unga fólkinu. Rekstur klúbbsins í ár var góður og veruleg aukning varð í tekjum vegna vallargjalda gesta. Tekjur vegna vallargjalda jukust um 48% á milli ára og vörusala jókst um 41%. Vegna fjölgunar félaga í klúbbnum hækkðu tekjur af félagsgjöldum um 8% þrátt fyrir að gjaldskrá hafi verið óbreytt á milli ára.

Golfklúbbur Skagafjarðar tók sem fyrr þátt í Íslandsmótum Golfklúbba.

**Kvennasveit GSS** keppti í 1. deild í júlí en hún fór fram á Jaðarsvelli á Akureyri. Sveitin lenti í 7. sæti og tryggði sér áframhaldandi sæti í efstu deild að ári.

**Karlasveit GSS** tók þátt í 3. deild en sú keppni fór fram á Hlíðarendavelli í ágúst. Sveit GSS gerði sé lítið fyrir og var í efsta sæti 3. deildar og tryggði sér því sæti í 2. deild að ári.

Sl. starfsár hefur mikil vinna farið fram við að fylgja úr hlaði þeim áætlunum sem kynntar voru á síðasta starfsári er snúa að byggingu nýs golfskála. Áætlanir hvað varðar fjármögnun og framgang hafa staðist og enn er stefnt að því að nýr skáli verði kominn í gagnið fyrir næsta golfsumar. Gamli skálinn var tæmdur í lok ágúst, hann var fjarlægður í september og í október var hafist handa við jarðvegsvinnu. Undirstöður voru steyptar í nóvember og verður skálinn reistur seinni tvær vikurnar í nóvember. Í vetur mun svo fara fram heilmikil vinna við að ganga frá innanhúss. Sjálfboðastarf félagsmanna og annarra velunnara verður sem hingað til forsenda þess að þetta verkefni takist. Félagsmenn og styrktaraðilar hafa nú þegar gefið fjölda vinnustunda í verkefnið.

Sumarið 2025 voru haldin 34 mót á Hlíðarendavelli hjá Golfklúbbi Skagafjarðar. Fjöldi skráðra kylfinga var samtals 1220 sem er smávægileg fækkun frá fyrra ári (1255). Mótanefndin stóð fyrir 20 mótum af þessum 34 með 801 skráningu sem er nánast á pari við skráningar árið áður (792). Önnur 14 mót voru í umsjá annarra eins og Hard Wok mótariðin sem nýliðanefnd sá um, unglíngamót sem haldin voru á vegum barna- og unglínganefndar auk þess sem Íslandsmót golfklúbba í 3. deild karla fór fram á Hlíðarendavelli.

GSS sendi tvær sveitir á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri.

Mótið var haldið hjá GKG, GM og GR dagana 19.-21. júní. Sveit GSS sem spilaði í hvítu deildinni kláruðu mótið í þriðja sæti. Liðið var skipað þeim Karli Goðdal, Ólafi Bjarna, Birni Henry og Nínu Morgan. Í grænu deildinni spiluðu þau Daníel Smári, Nína Júlía, Bergdís Birna og Arnór Tryggvi en þau gerðu sér lítið fyrir og unnu sína deild. Liðsstjórar voru Atli Freyr og Gunnar Atli. Krakkarnir stóðu sig vel og voru klúbbnum til mikils sóma, innan sem utan vallar.



GSS sendi svo eina sveit í sveitakeppni 14 ára og yngri sem fór fram í Sandgerði 25.-27. júní. Sveitina skipuðu Brynjar Morgan, Grétar Freyr, Gunnar Atli, Sigurbjörn Darri og Víkingur Týr. Strákarnir stóðu sig vel og enduðu í 6. sæti af 13 liðum.

Dagbjört Sísí og Gígja Rós spiluðu svo á Helli í sveitakeppni 18 ára og yngri í kvennaflokki í sameinaðri sveit GSS með Golfklúbbnum Leyni.

Framtíð Golfklúbbs Skagafjarðar er björt, reksturinn gengur vel og aðgengi félagsmanna að rástímum er með því besta sem þekkist hér á landi. Barna- og unglíngastarf er blómlegt og hafa ungir iðkendur verið klúbbnum til mikils sóma á keppnisferðum sínum. Golfíþróttin er í miklum vexti hér á landi og eflaust á félögum í GSS eftir að fjölga enn frekar. Völlurinn okkar er í góðu standi og höfum við rými til að taka á móti fjölda gesta næsta sumar. Með nýjum og stærri golfskála munum við geta tekið enn betur á móti kylfingum og verður vonandi vinsæll samkomustaður félagsmanna í komandi framtíð.

*f.h. stjórnar Golfklúbbs Skagafjarðar, Aldís Hilmarsdóttir, formaður GSS*





Hestamannafélagið Skagfirðingur stóð fyrir öflugum og góðu félagsstarfi á árinu 2025.

Veturinn fór vel af stað hvað varðar mótahald þar sem Skagfirska mótarið var vel sótt og góð þátttaka í öllum flokkum, kvennatölt Líflands var á sínum stað um páskana og margir félagsmenn kepptu í Meistaradeild KS. Sú nýjung var þetta árið að ný deild fór af stað, Áhugamannadeild Norðurlands sem sérstaklega er sniðin að áhugamönnum í hestaíþróttum. Það má segja að aðsókn varð gríðarlega mikil og kepptu ellefu lið og 66 keppendur í deildinni allt frá Húnavatnssýslu og að Austurlandi. Það var hart barist í liðakeppninni en í fyrra vann deildina, lið Syðra-Skörðugils sem var eitt liðanna úr Skagfirði og innihélt allt konur í firðinum. Reiðhallarsýningin "Tekið til kostanna" var haldin í Svaðastaðahöllinni samhliða lokavöldi Meistaradeildar KS, æft var stíft í töltgrúppunni yfir veturinn sem endaði á sýningaratriði á Tekið til kostanna. Hið árlega UMSS mót var haldið í maí að Hólum í Hjaltadal, úrtaka fyrir Fjórðungsmót samhliða Félagsmóti, firmakeppni sem og æskulýðsmót voru haldin og voru þau öll afar vel sótt af félagsmönnum. Reiðhallarsýning var haldin samhliða Laufskálarétt þar sem mæting var verulega góð og fólk skemmti sér vel.

Fræðslunefnd Skagfirðings haldið námskeið með Julie Christiansen, Bjarna Jónassyni, Finnþoga Bjarnasyni og Sölvu Sig.

Æskulýðsdeild Skagfirðings er gríðarlega öflug og má þar þakka kröftugum félagsmönnum og nefndar fólki sem að því standa. Mörg námskeið eru í boði hjá félaginu en vikustarf er kennt tvisvar í viku, helgarstarf er kennt á laugardögum g keppnisþjálfun er einu sinni í viku þar kennsla fer fram í formi einkatíma. Boðið er upp á að leigja hest fyrir reiðkennslu og er það vel sótt. Gaman er að segja frá því að mikil aukning er meðal iðkenda og meðal annars 25 krakkar á laugardögum og 20 krakkar í keppnisþjálfun. Vert er að nefna árangur yngri flokka á Fjórðungsmótinu í sumar en félagið átti frábæra fulltrúa í öllum flokkum. Öll stóðu þau sig gríðarlega vel og urðu margir persónulegir sigrar.

Þetta árið kom loksins hinn eftirsótti "Æskulýðsbikar Landssambands hestamannafélaga" sem veittur hefur verið árlega síðan árið 1996 í fyrsta skipti í Skagafjörð! Bikarinn er veittur því félagi sem hefur skarað fram úr í æskulýðsstarfi á liðnu ári og er ein æðsta viðurkenning sem félögin geta hlotnast fyrir æskulýðsstarf sitt en gott æskulýðsstarf er grunnurinn að framtíð hestamennskunnar – því unga kynslóðin er framtíð greinarinnar.

Uppskeruhátíð Skagfirðings var haldin þar sem knapar ársins voru verðlaunaðir í hverjum flokki. Knapi ársins í barnaflokki er Sigríður Elva Elvarsdóttir, í unglingsflokki Greta Berglind Jakobsdóttir og í ungmennaflokki Þórgunnur Þórarinsdóttir. Knapi ársins og skeiðknapi ársins er Daniel Gunnarsson, íþróttknapi er Kristófer Darri Sigurðsson og gæðingaknapi Skapti Steinbjörnsson. Tveir knapar voru jafnir að stigum í áhugamannaflokki og eru því knapar ársins í þeim flokki þær Þórána Másdóttir og María Ósk Ómarsdóttir. Í nokkur ár hefur félagið verðlaunað félagsmann ársins, en það er sá félagsmaður sem hefur að óeigingirni og dugnaði verið boðinn og búinn til að sinna hinum ýmsu störfum og tekið þátt í félagsstarfinu að mikilli jákvæðni svo eftir er tekið. Manneskjan okkar árið 2025 er Sædís Bylgja Jónsdóttir.



Þórgunnur Þórarinsdóttir var tilnefnd til íþróttamanns ársins hjá UMSS, Unnur Rún Sigurpálsdóttir til þjálfara ársins, Syðra-Skörðugil til liðs ársins og þrjú ungar knapar fengu hvatningaverðlaun UMSS en það eru þær Sigrún Sunna Reynisdóttir, Sigrún Sóllilja Eypórsdóttir og Sigríður Elva Elvarsdóttir.

Framundan er stórt ár í Skagafirði þar sem við stefnum á að halda gott og öflugt Landsmót Hestamanna á Hólum 5-11.júlí.

Hestamannafélagið Skagfirðingur er afar öflugt félag þar sem félagsmenn eru ósérhlífir við að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu félagsins sem og hjálpa til við burði og viljum við hér með þakka þessu duglega fólki kærlega fyrir alla hjálpinu á árinu sem og liðnum árum.

f.h stjórnar Hestamannafélagsins Skagfirðings, Elvar Einarsson, formaður



## Íþróttafélagið Gróska

Árið byrjaði með Norðurlandsmóti í Boccia á Akureyri 25 janúar 2025. Þetta er dagsmót og félög af Norðurlandi etja kappi þar. Í bc flokki fékk Gróska gull, Bára og silfur, Steinar.

Íslandsmót í sveitakeppni í Keflavík var næst á dagskrá 21-24 febrúar. Þar spilaði Bára með Sigurði í Þjóti Akranesi, og náðu þau þriðja sæti.

Svo að sjálfsgöðu var Hængsmót á sínum stað um mánaðarmót apríl-maí. Og þar náði Gróska ekki í verðlaunasæti, en Bára varð í fjórða sæti.

Norðurlandamót í Reykjavík 15-18 maí. Bára er í landsliði Íslands í boccia. Hún náði ekki verðlaunasæti í þetta sinn.

Íslandsmót á Akureyri 25-26 október. Einstaklingskeppni og ekki gekk nógu vel hjá Grósku félögum þar.

Svo átti að vera Norðurlandsmót í nóvember í umsjá Grósku en ekki gekk það eftir þar sem við fengum ekki inni í íþróttahúsinu á Sauðárkrók sem okkur hentaði. Færðum því mótið yfir á næsta ár.

Þetta er svona það helsta á síðasta ári hjá okkur, en alltaf gaman í þessum keppnisferðum hjá okkur.

Með bestu kveðjum frá Grósku félögum.  
Salmína S. Tavsén formaður



## Pílukastfélag Skagafjarðar

Pílukastfélag Skagafjarðar varð tveggja ára gamalt í lok ársins 2024 og eftir vel heppnað ár þá stóð félagið vel þegar árið 2025 gekk í garð. Þriðja starfsár félagsins gekk vonum frammar, margir viðburðir og fjöldi fólks heimsótti aðstöðu félagsins.

Vinsældir pílukasts aukast í Skagafirði og þá sérstaklega hjá yngri kynslóðinni sem er farin að draga þá eldri líka með.

Fjöldi félagsmenn var svipaður og árið á undan, í kringum 70 en fjölgun hefur verið hjá krökkum á móti þeim sem hafa dottið út. Félagsmenn undir 18 ára aldri eru farnir að nálgast 40. Barna- og unglíngastarfið gengur mjög vel, Júlíus Helgi að vinna afar gott starf þar. PKS er með eitt virkasta og fjölmennasta barna- og unglíngastarf á landinu. Árskóli hélt áfram að bjóða upp á pílukast í vali og var námskeið bæði á vorönn og haustönn.

Félagsmenn voru duglegir að sækja mót bæði á Akureyri og í Reykjavík. PKS sendi einnig 8 manna lið til keppni í Íslandsmóti félagsliða það komu 250-300 manns í heimsókn og fengu kynningu á pílukasti hjá okkur.

Á árinu voru haldin yfir 20 mót sem voru öll vel sótt, standa Jólamótið og Páskamótið okkar þar upp úr en í bæði mótin voru vel sótt og er orðin fastur liður hjá mörgum í kringum þessar hátíðir. Í byrjun árs var lagt nýtt teppi á gólfið sem alveg gjörbreytti aðstöðunni. Vatnsvél var einnig keypt á haustmánuðum.

Að lokum viljum við þakka öllum styrktaraðilum fyrir allan stuðninginn á árinu og sérstakar þakkir fær FISK Seafood fyrir þeirra stuðning.

Stjórn PKS vill svo þakka félagsmönnum og öðrum gestum fyrir árið.  
Áfram PKS og áfram pílukast.

*f.h. stjórnar Pílukastfélags Skagafjarðar Arnar Geir Hjartarson formaður.*





**HENDILL**  
MURVERKTAKI



## Ungmennafélagið Smári

Árið 2025 höldum við upp á 30 ára afmæli Ungmennafélagsins Smára með hátíð þann 12. júní, sem tókst afar vel. Nemendur Varmahlíðarskóla sýndu leikhæfileika sína og við heiðruðum fjóra félagsmenn fyrir framlag þeirra til félagsins: Gunnar Sigurðsson, Karl Lúðvíksson, Trausta F. Freysteinsson og Sigurlínu H. Einarsdóttur. Á afmælishátíðinni mættu iðkendur, félagsmenn, aðstandendur, vinafolk og sjálfboðaliðar, og allir nutu samverunnar.

Skólaárið byrjaði eins og síðustu ár, með því að börnum í 1. bekk Varmahlíðarskóla var veittur búningastyrkur. Allir fengu keppnisbúning og peysu að gjöf, styrkt af kvenfélögum í nærsamfélaginu sem við þökkum kærlega.

Í barna- og unglíngastarfinu bjóðum við upp á fimleika, frjálsar íþróttir, körfubolta, fótþolta og BBB æfingar fyrir 6.–10. bekk, sem eru fjölbreyttar eftir áhuga iðkenda. Í vetur hófust svo æfingar í krakka- og unglíngafit.

Yfir 90% nemenda Varmahlíðarskóla sækja æfingar hjá U.Í. Smára og flestir æfa fleiri en eina grein. Einnig er leikjanámskeiðið vel sótt, og voru 35 börn skráð sumarið 2025.

Frjálsíþróttahópur okkar hefur staðið sig vel á Íslandsmótum og fór í keppnisferð á Gautaborgarleikana sumarið 2025. Nokkrir kepptu á Bikarmóti og hópurinn vann sjö Unglingalandsmótsmeistaratitla. Friðrik Logi H. Knútsson, 15 ára, varð Íslandsmeistari í spjótþaksti og Fjölþeir Þeyr Marinósson, 15 ára, komst í úrvalshóp FRÍ.

Búist er við endurbótum á frjálsíþróttaaðstöðu í Varmahlíð og hluti styrks úr Samfélagssjóði Kaupfélags Skagfirðinga rennur til lagfæringar á vellinum.

Iðkendur 16 ára og eldri geta sótt fjölbreyttar æfingar: Smárafit, stöðvaleikfimi, kvennakörfubolta, styrktaræfingar og afreksæfingar. Þá er einnig boðið upp á fótþolta og körfubolta vikulega í Íþróttahúsinu. Iðkendur 60 ára og eldri greiða engin æfingagjöld hjá U.Í. Smára.

Stökkmót Smára fyrir öldunga (30 ára og eldri) var haldið í fjórða sinn í apríl og var ánægjulegt að sjá fjölda fólks á öllum aldri koma saman og skemmta sér. Kaupfélag Skagfirðinga styrkti mótið.


Félagið átti þrjá fulltrúa á Íslandsmóti í straumkajak, þar sem Máni Baldur Mánason varð Íslandsmeistari karla og Freyja Siff Friðriksdóttir endaði í þriðja sæti kvenna, yngst allra keppenda.

Borðtennisæfingar í Húsi Fritímans eru nú undir merkjum Smára og þrír iðkendur keppa í 4. deild norðurriðils BTÍ. Félagið leggur áherslu á að taka öllum íþróttagreinum fagnandi og skapa jöfn tækifæri til þátttöku.

Stjórn Smára þakkar Fisk Seafood fyrir samstarf um Umhverfisdaginn og stuðning við iðkendur. Ungmennafélagið Smári er öflugt félag og stolt yfir að geta boðið ungum sem öldnum upp á fjölbreytt íþróttastarf. Við þökkum þjálfurum, sjálfboðaliðum og styrktaraðilum fyrir að gera starfið mögulegt.

**Stjórn Ungmennafélagsins Smára**







## Ungmennafélagið Hjalti



Í apríl gaf Ungmennafélagið Hjalti börnunum á leikskólanum Tröllaborg á Hólum leiksýningu frá Leikhópnum Lottu – söngvasyrpu. Það heppnaðist mjög vel og voru börnin mjög glöð að fá þetta uppbrot í starfið sitt.

Hið árlega og vinsæla páskaeggjábíngó var haldið þann 16. apríl 2025. Viðburðurinn var eingöngu auglýstur á fésbókarsíðu félagsins. Það virkaði því þátttakan var frábær, um áttatíu manns mættu og áttu góða stund saman, boðið var uppá kaffi, kökur, djús og mikið spjall.

Þann 3.mái var frábær þátttaka á Umhverfisdegi Fisk Seafood á Hólum og í sveitinni í kring, enda veðrið eins og best getur verið, 14°C gráðu hiti og logn. Sumar fjölskyldur tóku til í heimasveitinni sinni. Margir Hólabúar mættu til leiks fyrir framan Bjórsetrið á Hólum til að fá plockunartangir og ruslapoka. Svo voru hópnum skipt niður á mismunandi svæði. Bjarni Kristófer grillaði síðan pylsur fyrir þátttakendur og var góð samvera og spjall í lokin. Öllu draslinu var svo komið fyrir í opin gám sem komið hafði verið fyrir í Náttahaganum fyrir verkefnið. Þetta er fyrirmyndar framtak frá Fisk Seafood og frábær fjáröflun fyrir öll íþróttafélög í Skagafirði.

Byrðuhlaupið 2025 fór fram á Þjóðhátíðardegi í besta hlaupaveðri og varð metið slegið um rúma mínútu. Nýtt heimsmet í Byrðuhlaupi er nú 24:59 og varð það þjóðverjinn Christian Klopsch sem sigraði í fullorðinsflokki. Anton Fannar Jakobsson vann barnaflokk með tímann 36:56. Við óskum öllum keppendum og hjálpsveinum innilega til hamingju. Klukkan 14 fór svo af stað skrudganga og voru að venju samkvæmt hátíðarhöld með ýmsum leikjum og grilluðum pylsum. Þó það ringdir skemmdi það ekki stuðið fyrir glöðu fólki.

Dagana 5. – 27. júní stóð Ungmennafélagið Hjalti fyrir leikjanámskeiði fyrir börn fædd á árunum 2013-2019. Námskeiðið var haldið í húsnæði fyrrverandi Grunnskólans austan Vatna á Hólum og byrjaði kl. 8:00 á morgnanna og til kl. 14:00 alla daga. Á leikjanámskeiðinu er lögð áhersla á útvist og hreyfingu, gönguferðir, ýmis konar íþróttæfingar, smíðavelli, tálgun, skipulagða leiki, ratleiki, hjólréiðar og fleira. Auk þess var reglulega boðið upp á föndur/handverksnámskeið.

Krækjur blakfélag tóku þátt í Íslandsmóti BLÍ og spiluðu í 2. deild tímabilið 2024-2025 eins og síðastliðin ár. Íslandsmótið í 2. deild er spilað á þremur helgum, ein umferð á milli 12 liða og svo efri og neðri úrslit. Fyrstu sex leikirnir voru spilaðir 8. - 10. nóvember 2024 á Neskaupsstað og síðustu fimm leikirnir 17. - 19. janúar 2025 í Laugardalshöll. Eftir umferðina var liðið í 2. sæti með 10 sigurleiki og 27 stig. Krækjur spiluðu því í efri úrslitum á Akureyri 14. – 16. mars 2025 og endaði liðið í 6. sæti. í 2. deildinni. Lið Krækja á Íslandsmótinu var skipað Áslaugu Helgu Jóhannsdóttur, Elsche Oda Apel, Guðrúnu Vigdísu Jónasdóttur, Helgu Fanneyju Salmannsdóttur, Írisi Sveinbjörnsdóttur, Rabbý Guðnadóttur, Söndru Hilmarsdóttur, Sigurlaugu Hrönn Valgarðsdóttur, Unu Aldísi Sigurðardóttur, Völu Hrönn Margeirsdóttur og Valdísi Ýr Ólafsdóttur. Krækjur fóru með eitt blandað lið á Októbermót Rima á Dalvík haustið 2024 og enduðu þar efstar af sex liðum í 2. deild. Farið var með tvö lið á Sigló Hótel - Benecta mót BF á Siglufirði helgina 14. - 15. febrúar 2025. Krækjur A spiluðu í 1. deild og enduðu í 1. sæti en Krækjur B spiluðu í 5. deild og enduðu í 6. sæti. Krækjur létu sig ekki vanta á Öldungamót BLÍ sem haldið var í Kópavogi 1. - 3. maí 2025 en mótið er einskonar árshátíð blakara 30 ára og eldri. Krækjur A spiluðu í 2. deild og enduðu í 2. sæti og munu því spila í 1. deild á næsta móti. Krækjur B spiluðu í 8. deild og enduðu í 4. sæti.

f.h. Stjórnar Ungmennafélagsins Hjalta, Kathrina Sommermeier



## Ungmennafélagið Neisti



Starf ársins 2025 tengdist mest íþróttum yngri flokka ásamt verkefnum kringum það, stjórnun, fjáröflunum og skipulagningu.

Yngri flokkar voru með knattspyrnuæfingar stærsta hluta ársins og fóru auk þess á nokkur mót. Ólafur Karlsson var yfirþjálfari og honum til halds og trausts við afleysingar, æfingar og umsjón á mótum, voru Inga Dögg Jónsdóttir og Kolbrún Ynja Stefánsdóttir. Dugnaður krakkanna er til mikillar fyrirmyndar og langflestar æfingar utandyra enda að mestu hagstætt tíðarfar á árinu. Sparkvöllurinn heldur betur notadrjúgur yfir vetrarmánuðina. Þrátt fyrir að hver aldurshópur sé fámennur þá er mikið fjör á æfingum enda góður og samhentur hópur. Nokkrir krakkar sækja æfingar á Sauðárkrók enda stendur þeim til boða að æfa með Tindastól eins og verið hefur. Farið var á nokkur mót og byrjaði sumarið á Blönduósi með þátttöku í Smábæjarleikunum sem haldið var 13. - 15. júní. Neisti var svo með tvö lið í 7. flokki á Strandamótinu sem fram fór á Dalvík þann 19. júlí. Neisti vann háttvísisverðlaun mótsins. Að venju var tekið þátt í Króksmótinu sem haldið var dagana 9. - 10. ágúst á Sauðárkróki. Þar tefldi Neisti fram tveimur liðum, annars vegar í 6. flokki og hins vegar í 7. flokki. Þann 2. júlí mætti Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, frá KSÍ með verkefnið „Komdu í fótbolta með Mola” Virkilega skemmtilegt verkefni og vel heppnað. Eftir svona frábært fótboltasumar mátti sjá greinilegar framfarir hjá öllum iðkendum. Leikgleði og góð stemning var í fyrirrúmi á mótunum. Uppskera ársins eru frábærar minningar, jákvæð upplifun, aukin áhugi og miklar framfarir í fótbolta.

Rétt fyrir áramót hlaut Arnar Orrason hvatningarverðlaun UMSS fyrir mætingu, framúrskarandi dugnað og elju í íþróttum á árinu.

Á laugardögum í haust hefur verið boðið uppá frjálssa leiki í Höfðaborg fyrir yngstu krakkana. Ágætis mæting hefur verið á þessa leikjadaga og mikil ánægja hjá yngstu krökkunum.

Aðalfundur Neista var í febrúar. Málefni fundarins voru nokkur og frísklegar umræður enda margt sem þurfti að ræða. Ekki er stefnt á breytingar á starfinu heldur fyrst og fremst að halda vel utan um það sem er í gangi. Eftir fundinn sátu í stjórn Margrét Berglind Einarsdóttir formaður og aðrir í stjórn, Guðrún Þorvaldsdóttir, Hjalti Þórðarson, Sigmundur Jóhannesson og Sólrún Þorgilsdóttir.

Vallarstjórar sáu um að halda vellinum í sem bestu standi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu. Eignir félagsins þurfa viðhald eins og eðlilegt er og var því sinnt eftir föngum og voru hamar, skrufjárn og penslar reglulega í notkun.

Eins og undanfarin ár var margt annað á döfunni hjá félaginu og tengist flest fjáröflunum af einhverju tagi. Umhverfisdagur Fisk Seafood og Neista var í maí þar sem Hofsós og sveitin í kring voru hreinsuð og snyrt eins og hægt var. Frábært samstarfsverkefni sem verður vonandi framhald á og líka sem fjáröflun fyrir félagið. Jólaspilavist og Páskabíngó voru á sínum stað og skiluðu ágætis hagnaði. Aðrar hefðbundnar fjáraflanir voru m.a. sala á kertum, jóla- eldhús- og salernispappír, fiski og skil á flöskum og dósam í endurvinnslu.

f.h. Stjórnar Ungmennafélagsins Neista, Hjalti Þórðarson og Ólafur Karlsson



# Ungmennafélagið Tindastóll

Starf U.M.F. Tindastóls gekk almennt vel á árinu 2025. Fjölbreytt starfsemi var í gangi innan félagsins og unnu deildir Tindastóls áfram öflugt starf í fjölbreyttum greinum. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hversu mikill metnaður er í öllum deildum að efla starfið og sífelld að gera betur ár frá ári.

Aðalstjórn U.M.F. Tindastóls fundaði reglulega á árinu, bæði í raunheimum og í gegnum Teams. Á fundum stjórnar var fjallað um málefni líðandi stundar sem og önnur mál sem bárust aðalstjórn til umfjöllunar. Aðalstjórn vann í góðu samstarfi með deildum félagsins, þó mismikið eftir þörfum. Í einhverjum tilfellum hafði aðalstjórn aðkomu að rekstri deilda þegar eftir því var leitað.

Aðalstjórn hélt áfram að skoða möguleika á merkingum á íþróttarhúsið og er sú vinna enn í gangi. Markmiðið er að tryggja að merki Tindastóls fái sinn sess í höfuðvígí félagsins, Síkinu, og styrkja þannig ímynd og sýnileika félagsins.

Íþróttamaður Tindastóls árið 2025 var kosin Emma Katrín Helgadóttir fyrir framúrskarandi árangur sinn bæði í badminton og körfubolta. Hún er verðugur fulltrúi þess metnaðar og þeirrar breiddar sem einkennir starf félagsins. Henni var veitt viðurkenning við hátíðlegt tilefni.

Sífelld er unnið að eflingu samstarfs við önnur íþróttafélög á Norðurlandi vestra og fagnar aðalstjórn þeirri þróun. Samstarfið hefur skilað góðum árangri og er það von aðalstjórnar að áfram verði unnið að frekari samvinnu og sameiginlegum verkefnum á svæðinu.

Fjármálin voru stór hluti af vinnunni, eins og oft vill verða. Lögð var áhersla á ábyrgð og aga í rekstri. Markmiðið er alltaf að finna gott jafnvægi – að styðja við metnaðarfullt starf en passa upp á að reksturinn haldist heilbrigður. Það er ánægjulegt að finna að mikill metnaður er innan deilda Tindastóls að vandað sé til verka í þeim efnum og kom það skýrt í ljós í yfirferð skattayfirvalda sem kölluðu eftir ítarlegum upplýsingum um uppgjör og aðrar greiðslur allra íþróttafélaga á landinu og kom þar fram að þessum málum er rétt háttáð hjá okkur og endurspeglar metnað stjórnar að vandað sé til verka í öllum þáttum rekstrar. Það er mikilvægt.

Samtöl hafa einnig farið fram við sveitarfélagið um aðstöðumál Tindastóls. Mikil og brýn þörf er á bættri aðstöðu fyrir starfsemi deilda og hefur aðalstjórn lagt áherslu á að vinna að þeim umbótum í góðu samráði við sveitarfélagið. Aðalstjórn hefur kallað eftir skýrri framtíðarstefnu í uppbyggingu íþróttamannvirkja og að tryggt verði virkt samtal við íþróttafélögin í þeim efnum. Skýr markmið um uppbyggingu innviða eru lykilforsenda fyrir áframhaldandi öflugu íþróttastarfi.

Aðalstjórn U.M.F. Tindastóls þakkar innilega öllum þeim sem lagt hafa sitt af mörkum til starfsemi félagsins á árinu, þar á meðal sjálfboðaliðum, þjálfurum, iðkendum og stuðningsaðilum. Án þeirra væri ekki mögulegt að halda úti jafn öflugu starfi og raun ber vitni. Við lítum stolt til baka yfir árið og það mikla og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á öllum sviðum félagsins.

*Fyrir hönd aðalstjórnar U.M.F. Tindastóls, Magnús Barðdal Reynisson, formaður*



## DEILDIR

- UMFT Badmintondeild
- UMFT Bogfimideild
- UMFT Frjálsíþróttadeild
- UMFT Júðódeild
- UMFT Knattspyrnadeild
- UMFT Körfuknattleiksdeild
- UMFT Skíðadeild
- UMFT Sunddeild





## UMFT Badmintondeild

Badmintondeild Tindastóls var formlega stofnuð 2020. Í stjórn deildarinnar sitja Helgín Jóhannesson sem jafntframt er þjálfari, Freyja Rut Emilsdóttir formaður og Sigríður Jensdóttir. Afar gott samstarf hefur verið við aðalstjórn Tindastóls, framkvæmdastjóra UMSS og forsvarsmenn sveitarfélags Skagafjarðar.

Veturinn 2024-2025 hafa verið æfingar tvisvar í viku fyrir 1.-4.bekk og 5.-10.bekk. Barna- og unglíngastarf er se fyrr í algjörum forgangi hjá Badmintondeildinni og markmið er að fjölga iðkendum í öllum aldursflokkum, ekki er lögð áhersla á kenni en þó hefur keppendum deildarinnar fjölgað mjög. Í september og janúar hefur verið frítt að æfa og er æfingargjaldi haldið í lágmarki, í vetur var það 7.500 kr. fyrir önnina.

Starfið 2024-2025 hófst í júlí þegar Emma Katrín tók þátt í Sumarskóla Badminton Europe, sem fram fór í Tallin Eistlandi. Emma Katrín var ein þriggja ungra iðkenda sem valin voru fyrir Íslands hönd.

Keppnisveturinn 2024-2025 hófst um iðjan september þegar Reykjavíkurmót unglínga fór fram í TBR húsunum í Laugardal. Tindastóll sendi 2 keppendur til leiks, þær Emmu Katrínu sem keppti í U17/U19A og Júlíu Marín sem keppti í U15A. Aðeins var keppt í tvíliðaleik og tvenndarleik að þessu sinni og keppti Júlía í hvoru tveggja en Emma aðeins í tvenndarleik. Júlía Marín og Laufey Lára úr BH spiluðu mjög vel og sigruðu mótið örugglega.

RSL ICELAND INTERNATIONAL 2025 er stærsta afreksverkefni Badmintonsambands Íslands og er mótið haldið árlega. 247 leikmenn voru skráðir á mótið 2025 og komu þeir frá 35 löndum. Ísland var með 34 leikmenn skráða á mótið og átti Tindastóll fulltrúa í hópi þeirra bestu, Emma Katrín Helgadóttir, sem keppti fyrir hönd Íslands í einliðaleik kvenna.

Í febrúar fór fram Óskarsmót KR, þar sem einungis er keppt í fullorðins flokki. Emma Katrín keppti í 1. deild í öllum greinum. Hún og Lena úr BH urðu í 2.sæti í tvíliðaleik, Rúnar Gauti úr BH og Emma urðir í 2.sæti í tvenndarleik og Emma Katrín sigraði einliðaleik kvenna.

Í mars fór fram Landsbankamót ÍA á Akranesi þar sem keppt var í einliðaleik og tvenndarleik og sendi Tindastóll 4 keppendur til leiks, þau Sigurbjörgu Sól og Víking Tý sem keppa í U14, Júlíu Marín sem kepp í U15 og Emmu Katrínu sem keppir í U15. Þau stóðu sig frábærlega og unnu öll til verðlauna. Sigurbjörg og Víkingur urðu í 2. sæti í tvenndarleik, Júlía Marín varð í 2.sæti í einliðaleik og tvenndarleik ásamt Erik Val úr BH og Emma Katrín sigraði báðar sínar greinar, í tvenndarleik spilar hún með Gauta úr BH.

Í æfingabúðum BSÍ í lok mars fór fram sérstök úrtaksæfing fyrir ungar badminton stelpur. Tuttugu efnilegum stelpum úr badmintonsklúbbum víðsvegar af landinu voru boðaðar til að taka þátt í æfingu með landsliðsþjálfaranum, Kenneth Larsen. Úrtaksæfingin var fyrir stelpur á aldrinum 12-14 ára og átti Tindastóll einn fulltrúa í hópnum, Júlíu Marín.

Íslandsmót unglínga fór fram í húskynnum TBR í byrjun apríl. Tindastóll sendi 12 keppendur til leiks og átti fulltrúa í öllum aldursflokkum, aldrei hafa fleiri keppendur tekið þátt fyrir hönd Tindastóls.

- U11; 5 keppendur, Ólafur Bjarni, Karl Goðdal, Sigurbór, Aron Elmar og Jóel Darri. Ekki er keppt til úrslit í þessum flokki.
- U13B; 4 keppendur, Sigurbjörg Sól og Víking Tý sem kepptu í einliðaleik og tvenndarleik, Orri Freyr sem keppti í einliðaleik og Haukur Freyr sem keppti í einliða- og tvíliðaleik.

- U15A; 1 keppandi, Júlía Marín sem spilaði til undanúrslita í tvenndarleik og í úrslitum í tvíliðaleik. Hún ásamt Laufeyju Lára úr BH enduðu í 2. sæti.
- U17A, 1 keppandi, Emma Katrín keppti í öllum greinum og varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik ásamt Iðunni úr TBR.
- U19B, 1 keppandi, Gísli. Hann lenti í 2. sæti í einliðaleik og tvíliðaleik ásamt Hilmarí Veigari ÍA.

Meistaramót Íslands fór fram í húsnæði TBR við Gnoðavog í lok apríl. Tindastóll sendi tvo keppendur Emmu Katrínu sem keppti í 1.deild og Júlíu Marín sem keppti í 2. deild. Júlía keppti í einni grein, einliðaleik stóð sig vel en varð úr leik í 8 liða úrslitum. Emma Katrín spilaði vel og vann mótið sannfærandi án þess að tapa lotu í bæði einliða- og tvíliðaleik með meðspilara sínum Lenu úr BH. Emma Katrín er því tvöfaldur Íslandsmeistari í 1.deild í badminton.

Keppnisvetrinum lauk svo í maí þegar við sendum 2 þátttakendur til keppni í Sandefjord Open í Noregi. 260 keppendur frá 25 norskum klúbbum og 32 keppendur frá 3 félögum á Íslandi. Þar unnu systurnar Emma Katrín og Júlía Marín Helgadóttur 1 gull, 1 silfur og 1 brons.

Emma Katrín var valinn í hóp 6 ungmenna sem tóku þátt í Nordic Camp æfingabúðum í Kristianssand í Noregi. Það er landsliðsnefnd Badmintonsamband Íslands sem velur í hópinn.

*f.h. Stjórnar Badmintondeildar Tindastóls, Freyja Rut Emilsdóttir formaður*





## UMFT Bogfimideild

### Ársskýrsla Bogfimideildar Tindastóls

Æfingar fjöldi hefur haldist svipaður 2025. Ca 8-9 18 og yngri að æfa svo 1-2 fullorðnir bæði um veturinn og haustið

Opið hefur verið fyrir alla að koma og prófa og hefur verið þó nokkuð um það.

Tekið var þátt í Hreininsverkefni Fisk Seafood og mættu nokkrir frá deildinni og aðstoðuð við að tyna upp rusl

Engar æfingar haldnar í Varmahlíð vegna manneklu

Ekki voru haldnar æfingar um sumarið.

Fjárhagur deildarinnar er enn í plús þó styrkjum hafi fækkað aðeins en vegna styrkja sem deildin fær og þá er hægt að bjóða uppá hagstæð æfingargjöld. Og deildin nokkuð vel búin búnaði.

Ekki höfum við enn sent einstaklinga á islandsmót og hallast það í dag að helst einmitt betri betri aðstöðu og tímum til æfinga sem henta.

Færðum okkur í gamla plássíð 1/3 af sal til að minnka þann tíma sem færi í að setja upp og ganga frá. Tímum fækkaði um 1 í viku og eru nú aðeins 2.

Því itrekar stjórn mikilvægi þessa að bogfimi geti komist í aðstöðu eins og Bogfimisamband Ísland telur æskilegt að bogfimi sé stunduð í og hafi fasta aðstöðu þannig ekki þurfi að vera ganga frá mörkum og neti eftir hverja æfingu og að æfingar getið farið fram 5-6 daga vikunnar og á þeim tímum sem gæti hentað betur ákveðnum aldurshópum sem og einnig mögulega aukið þátttöku eldri iðkenda 60+

Fyrir hönd stjórnar

Indriði R. Grétarsson

Dags 20.03.2026



## UMFT Frjálsíþróttadeild

Fyrstu helgina í júlí tókum við þátt í að halda Bikarmót FRÍ bæði og fullorðinsflokk og 15 ára og yngri sem var haldið á Sauðárkróksvelli. Fór það mót vel fram og við þakklát fyrir alla sjálfbóðaliðana okkar sem mættu og störfuðu á mótinu.

Á árlegu uppskeruhátíð UMSS sem var haldin 5.janúar 2026 fengu þau Auðunn Ármann Sindrason og Anna Lára Halldórsdóttir Hvatningarverðlaun UMSS, þau voru reyndar bæði í skólaferðalagi og tóku því yngri systkini þau á mótinu verðlaununum fyrir þau.

Við eigum tvo fulltrúa í æfingahóp Unglingalandsliði FRÍ - Halldór Stefánsson í 400 m grind og Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir í 100 m grind, 400 m grind og kúluvarpi.

Einn fulltrúa í landsliði Íslands á Evrópubikar - Sveinbjörn Óli Svavarsson í 4x100m boðhlaupsveit.

### Afrek iðkenda og þátttaka á mótum, á árinu 2025

#### Innanhúss

MÍ í fjölþraut var 11.janúar - 2 keppendur, 1 silfur

Stórmót ÍR var 18.janúar - 21 keppandi, 4 gull, 4 silfur og 2 brons.

Reykjavík International Games var 27.janúar - 5 keppendur, 1 gull.

MÍ 11-14 ára var 8.febrúar - 7 keppendur, 1 silfur og 2 brons.

MÍ 15-22 ára var 15. febrúar 4 keppendur, 2 silfur.

MÍ innanhúss var 22.febrúar - 4 keppendur, 2 silfur.

Bikarkeppni FRÍ innanhúss 1.mars - sameiginlegt lið með Fjölni - 2 keppendur, 2 silfur og 2 brons.

Akureyrarmót UFA og Kjarnafæði Norðlenska var 29.mars - 13 keppendur, 1 gull, 4 silfur og 5 brons.

#### Utanhúss

MÍ 11-14 ára var 14.júní - 6 keppendur, 1 silfur og 1 brons.

MÍ 15- 22 ára utanhúss var haldið 20.júní - 2 keppendur, 1 silfur og 2 brons.

2 Sumarmót UMSS 7.júlí - 11 keppendur

Bikarkeppni FRÍ utanhúss var 5.júlí - sameiginlegt lið með Fjölnir - 4 keppendur, 1 silfur og 2 brons.

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri var 6.júlí - sameiginlegt lið með HSP - 4 keppendur, 2 gull.

1 Sumarmót UMSS var 16.júlí - 11 keppendur

MÍ Þraut 16.ágúst - 2 keppendur, 1 silfur.


MÍ utanhúss 22.ágúst - 3 keppendur, 2 silfur og 1 brons.

Akureyrarmót UFA og Kjarnafæði Norðlenska var haldið 29.ágúst - 8 keppendur, 4 gull, 4 silfur og 5 brons.

Silfurleikar ÍR var 22.nóvember - 4 keppendur, 1 silfur og 3 brons.

Minningarmót Ólivers 6.desember - 5 keppendu, 4 gull og 5 silfur.

Jólamót UMSS var haldið 20.desember í Varmahlíð - 23 keppendur





## UMFT Júdódeild

Þetta er tólfta árið sem Júdódeild Tindastóls er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á júdó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júdódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. mars 2016.

Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyjugötu og Sæmundargötu en eftir að sveitarfélagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki. Haustið 2024 fluttum við svo í okkar eigin æfingaaðstöðu.

Vorönn hófst 6. janúar og lauk 30. maí, þjálfari var Annika Líf Maríudóttir Noack.

Engin sumarnámskeið voru síðasta sumar þar sem sumarið var notað til að gera breytingar á æfingasalum.

Haustönnin hófst 1. september og lauk 20. desember, þjálfari var Annika Líf Maríudóttir Noack.

Aðalfundur Júdódeildar Tindastóls var haldinn 27. mars í matsal heimavistar FNV. Skýrsla formanns var lesin upp og samþykkt, reikningar lagðir fram til samþykktar og stjórn kosin, Grétar Karlsson formaður og Auðbjörg Ósk Guðjónsdóttir ritari voru endurkjörin og Þórhildur Sverrisdóttir var kosin gjaldkeri.

### Mót og aðrir viðburðir

**Afmælimót JSÍ U13 & U15** - Einn keppandi frá Júdódeild Tindastóls tók þátt í Afmælimóti JSÍ U13 & U15 í febrúar sal JR og vann til gullverðlauna.

**Afmælimót JSÍ U18 & U21** - Einn keppandi frá Júdódeild Tindastóls tók þátt í Afmælimóti JSÍ U18 & U21 í mars í sal JR en vann ekki til verðlauna.

**Æfingamót JRB** - Fjórir iðkendur fóru á Æfingamót JRB í mars í Reykjanesbæ og fengu allir þátttökuverðlaun.

**Heimsókn frá Sensei George** - Föstudaginn 21. mars fengum við heimsókn frá Sensei George og vorum með sameiginlega æfingu með Pardus frá Blönduósi.

**Vormót JSÍ yngri flokka** var haldið 22. mars í íþróttahúsi KA á Akureyri. Júdódeild Tindastóls var fimm keppendur og fór heim með tvö gull, eitt silfur og eitt brons. Daginn eftir voru æfingarbúðir með Sensei lura.

**Íslandsmót yngri flokka** fór fram 12. apríl hjá Ármanni. Júdódeild Tindastóls var með fjóra keppendur og eignaðist einn Íslandsmeistara auk þess að fara heim með eitt silfur og eitt brons.

**Copenhagen Open** - Einn keppandi frá Júdódeild Tindastóls tók þátt í Copenhagen Open í apríl en vann ekki til verðlauna.

**Masterclass Gary Edwards/ tæknimót** - var haldið í Reykjanesbæ 24. og 25. maí. Níu iðkendur frá Júdódeild Tindastóls tóku þátt námskeiði sem Gary Edwards hélt og svo tóku þeir þátt í tæknimótinu. Þátttakendur frá Tindastól unnu gull í eldri flokki og 2 gull, 1 silfur og 1 brons í yngri flokki. Yngstu keppendur fengu þátttökuverðlaun. Samhliða mótinu var belta gráðun og voru gráðuð 3 gul, 1 appelsínugult og 3 blá belti.

**Pylsu Partý** - Vorinu lauk með pylsu-partýi fyrir framan dojo og skemmtu allir sér vel.

**Sumarfrí** - Ólíkt síðustu árum var ekki boðið upp á SumarTÍM en sumarið fór í að vinna í dojo til að bæta aðstöðuna fyrir iðkendur og þá sérstaklega til að bjóða upp á aðstöðu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga þar sem júdó á að vera fyrir alla sem vilja stunda íþróttina óháð líkamlegri eða andlegri fötlun.

**Kendall Training Camp** - Í ágúst fór einn iðkandi Tindastóls með JRB til Englands til að taka þátt í krefjandi æfingabúðum.

**Nordic Kata Open Tournament** - Freyr Hugi og Jóhanna María fóru saman á Nordic Kata mót til að keppa í A-júdó Kata í ágúst. Þau náðu fyrsta sæti og urðu með því Nordic Kata meistarar.

**Allir með** - Eftir sumarfrí tók Júdódeildin þátt í „Allir með“ verkefninu á Sauðárkróki. Þá var nýtt tækifærið til að kynna júdó fyrir fólk með fatlanir.

**Haustmót JSÍ U13, U15 & U21** - var haldið 4. október á Selfossi. Júdódeild Tindastóls var með einn keppanda sem vann til gullverðlauna.

**Afmælimót JR** - Þrjú keppendur frá Júdódeild Tindastóls tóku þátt í Afmælimóti JR í október og unnu til tveggja silfurverðlauna og einna bronsverðlauna.

**JRB International** - Einn keppandi frá Júdódeild Tindastóls fór á alþjóðlegt mót JRB í október og vann gull í U15 flokki.

**Gothenburg Judo Open** - Í nóvember fór einn keppandi til Gautaborgar að keppa á Gothenburg Judo Open í U15 og U18 og vann til bronsverðlauna í U15.

„Allir með“ með verkefnið var kynnt í Reykjavík og fóru þjálfari og einn iðkandi til að hjálpa að kynna júdó fyrir fólk með fötlun.

**Litlu Jól** - Júdó-jól voru haldin í dojo. Í boði voru leikir, pítsa, bíómynd og gisting og skemmtu allir sér mjög vel

**Gráðanir** - sem iðkendur fengu árið 2025 voru 4 blá belti, 1 appelsínugult belti og 1 gult belti. Þá fengu 11 strípur á beltin. Iðkendur á árinu 2025 voru að meðaltali 25.



Nordic Kata meistarar, Freyr Hugi og Jóhanna María



f.h. Stjórnar Júdódeildar Tindastóls, Grétar Karlsson formaður





## UMFT Knattspyrnudeild

Á miðju sumri tók ég við starfi formanns Knattspyrnudeildar Tindastóls. Þar sem um nýtt hlutverk er að ræða fyrir mig er ég enn að læra inn á starfið, kynnast verkferlum deildarinnar og því öflugra fólki sem starfar innan hennar. Þrátt fyrir stuttan tíma í starfi hef ég fundið fyrir miklum metnaði og samhug innan deildarinnar, sem gefur góða von um áframhaldandi uppbyggingu og þróun.

Keppnistímabilið var bæði lærdómsríkt og tilfinningaþrungin. Meistaraflokkur kvenna féll úr efstu deild, sem var að sjálfsgöðu mikil vonbrigði og leiðinlegt fyrir leikmenn, þjálfara, stuðningsfólk og allt félagið. Ljóst er þó að mikil vinna hefur verið lögð í starfið og verður áfram unnið markvisst að því að byggja liðið upp að nýju.

Meistaraflokkur karla náði hins vegar mjög góðum árangri á tímabilinu og má þar sérstaklega nefna þátttöku liðsins í úrslitaleik Fótbolts.net mótsins sem fram fór á Laugardalsvelli. Sá árangur var félaginu mikil lyftistöng og skemmtileg viðurkenning á þeirri vinnu sem lögð hefur verið í starf deildarinnar.

Samstarf knattspyrnudeildar við barna- og unglingaráð var mjög gott á árinu, sérstaklega í kringum mótin, þar sem samvinna, skipulag og samheldni skiluðu sér í vel heppnuðum mótun. Það er afar dýrmætt fyrir deildina að hafa slíkt samstarf og erum við spennt fyrir áframhaldandi og enn öflugra samstarfi við barna- og unglingaráð á komandi árum.

Að loknu tímabili hófst vinna við að finna nýjan þjálfara meistaraflokks kvenna eftir að Donni lét af störfum. Við tók Svanberg Óskarsson og bindum við miklar vonir við hann. Við viljum þakka Donna kærlega fyrir hans framlag og vel unnin störf hjá Knattspyrnudeild Tindastóls og óskum honum velfarnaðar í komandi verkefnum.

*Stjórn Knattspyrnudeildar Tindastóls*



## UMFT Barna og unglingaráð knattspyrnudeildar

Starf Barna- og unglingaráðs Knattspyrnudeildar Tindastóls var öflugt og metnaðarfullt á árinu 2025. Mikill fjöldi iðkenda endurspeglar styrk starfsins og þann mikla áhuga sem er á knattspyrnu innan félagsins.

Stjórn ráðsins var óbreytt milli ára, en hún hefur unnið markvist að því undanfarin ár að skapa meiri stöðugleika í rekstri deildarinnar og í starfinu öllu, sem hefur að mörgu leyti tekist vel. Þjálfarahópur yngri flokka er öflugur og samheldinn og hefur verið minna um þjálfarabreytingar en undanfarin ár, sem hefur haft jákvæð áhrif á samfellu og gæði starfsins.

Barna- og unglingaráð hefur jafnframt stutt þjálfara markvisst í því að sækja sér aukna menntun, sem hefur styrkt faglegt starf deildarinnar enn frekar og skilað sér í betri umgjörð, auknum gæðum í þjálfun og jákvæðri upplifun iðkenda.

Venju samkvæmt voru haldin tvö stór og mikilvæg mót á vegum deildarinnar, ÓB-mót 6. flokks kvenna og Króksmót 6. og 7. flokks karla, sem bæði heppnuðust afar vel. Mótin eru stór þáttur í starfi félagsins, styrkja samfélagið og skapa fjölmörgum knattspyrnuíðkendum af landinu öllu skemmtilegan og eftirminnilegan vettvang til keppni og samveru.

Sá góði siður hefur skapast að 3. flokkur fari árlega í keppnis- eða æfingaferð erlendis yfir sumartímann. Á árinu 2025 var það 3. flokkur karla sem fór í ferð til Minneapolis í Bandaríkjunum, sem var bæði mikilvæg reynsla fyrir hópinn og eftirminnilegur þáttur í starfinu.

BUR vill færa þjálfurum, foreldrum, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og öllum þeim sem studdu við starfið á árinu bestu þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag.

*Stjórn Barna- og unglingaráðs Knattspyrnudeildar Tindastóls*



**Fótbolta.net bikarinn 2025 – Úrslitaleikur Laugardalsvöllur 26.9.2025**  
**Meistarflokkur karla – Tindastóll knattspyrnudeild**



## UMFT Körfuknattleiksdeild

### Skýrsla stjórnar 2024-2025

Ný stjórn tók við á aðalfundi sem haldinn var þann 24.júní 2024.

Nýja stjórn skipa: Dagur Þór Baldvinsson, formaður, Ingi Björgvin Kristjánsson gjaldkeri, Óttar Ásbjörnsson varaformaður, Freyja Rut Emilsdóttir ritari, Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Eyþór Jónasson, Ágúst Kárason, Ari Freyr Ólafsson, Indriði Ragnar Grétarsson og Sveinn Brynjar Pálmason. Varamenn eru Einar Ólafsson, Elvar Örn Birgisson og Eyþór Dalmann Sigurðsson

Aðalfundur 2023 hafði ályktað um stöðu íþróttahússins og þörf á félagsaðstöðu körfuknattleiksdeildarinnar, ályktunin var send til Feykis, birt á samfélagsmiðlum deildarinnar og send til sveitarfélagsins sem formlegt erindi. Aðalfundur 2024 ítrekaði þessa þörf með eftirfarandi ályktun:

*Aðalfundur KKD Tindastóls skorar enn á ný á Skagafjörð að flýta vinnu við að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunnar og félagsstarf á Sauðárkróki. Núverandi aðstaða er sprungin og mikilvægt er að körfuknattleiksdeild Tindastóls fái aðstöðu í takt við þarfir deildarinnar. Mikilvægt er að útbúa félagsaðstöðu þar sem félagsmenn og iðkendur geti komið saman og sinnt sínu félagsstarfi.*

### Verkefni stjórnar

Fyrstu verkefni stjórnar voru að ráða þjálfara fyrir bæði karla- og kvennaliðin, sem og að ganga frá samningum við leikmenn beggja liða. Þjálfarar karlaliðsins á tímabilinu voru þeir Benedikt Rúnar Guðmundsson, Friðrik Hrafn Jóhannsson og styrktarþjálfari Ísak Óli Traustason. Þjálfarar kvennaliðsins voru þeir Israel Martin, Hlynur Freyr Einarsson og styrktarþjálfari Guðrún Helga Tryggvadóttir. Vegna úrsagnar liða í Subway deild kvenna var Tindastól boðið sæti þar, sem stjórn þáði og átti Körfuknattleiksdeild Tindastóls því bæði karla- og kvennalið í efstu deild á nýafstöðnu tímabili.

Fjáraflanir hófust strax um sumarið og síðsumars var umtalsverð vinna við undirbúning íbúða fyrir leikmenn og þjálfara, þar sem ýmislegt þurfti viðhald og viðgerðir sem deildin tók að sér. Ýmiss önnur fjáröflunarverkefni voru unnin, m.a. hamborgarasala á ýmsum viðburðum, gluggaþvottur og ýmislegt fleira.

Keyptir voru LED skjáir, sem umkringja keppnisvöllinn. Skjáirnir hleypa nýju lífi í möguleika á auglýsingasölu auk þess að bæta umgjörð og upplifun fyrir áhorfendur.

Tímabilið hófst af krafi, bæði lið spiluðu vel og góð stemming myndaðist í kringum bæði liðin. Um áramót var árið 2024 gert upp og var Adomas Drungilas valinn íþróttamaður Tindastóls.

Kvennaliðið rétt missti af því að spila í efri hluta deildarinnar eftir skiptingu hennar, en náði inn í úrslitakeppni og hélt sæti sínu í efstu deild.

Meistaraflokkur karla var undir vor á miklu skriði og náði þeim frábæra árangri að verða deildarmeistarar í fyrsta sinn í sögu félagsins. Úrslitakeppnin hófst af miklum krafti og afar góð stemming myndaðist strax í fyrstu umferð. Úrslitakeppni í Síkinu er orðið þekktur viðburður og um það rétt víða, ekki bara í körfuboltasamfélaginu eða íþróttasamfélaginu heldur miklu víðar. Mikilvægi körfuboltans fyrir samfélagið í Skagafirði er óumdeilanlegt. Þessi stemming, þessi umgjörð og þessi árangur kemur ekki af sjálfu sér heldur er ávöxtur vinnu til lengri tíma þar sem margar fórnfúsar hendur hafa lagt hönd á plóg. Þetta er ekki sjálfsagt og mikilvægt er að halda vel utan um starfsemina og ekki síst sjálfbóðaliðana, til að viðhalda þessum sameiningarmætti og samstöðu.

Rekstur á metnaðarfullu starfi Körfuknattleiksdeildar Tindastóls væri ógerlegur ef ekki væri fyrir öflugan stuðning fyrirtækja, um 140 fyrirtæki styrktu deildina á einn eða annan hátt í vetur. Bakvið hvern styrktar samning liggur að sama skapi mikil vinna.

Vill stjórn kkd Tindastóls koma á framfæri þakklæti til allra styrktaraðila, sjálfbóðaliða, leikmanna, þjálfara og þökkum við fyrir tímabilið.

*f.h. Stjórnar Körfuknattleiksdeildar Tindastóls, Dagur Þór Baldvinsson formaður*







## UMFT Unglingaráð körfuknattleiksdeildar

Keppni hófst í september eins og jafnan og lauk í lok maí. Iðkendur á árinu voru rúmlega 200 og sendum við 11 lið til keppni á Íslandsmót. Einnig áttum við skráða 5 flokka í bikarkeppni KKÍ.

Héldum 2 stór mót hér heima hjá MB11 stúlkum og 7.fl.karla. En á þessum mótum voru spilaðir yfir 150 leikir, 67 lið frá 22 félögum.

Við fórum í nokkrar fjáraflanir, seldum happdrættismiða með meistaraflokkum og fórum í tvær dósa- og flösku safnanir.

Einnig fengum við eftirtalda styrki á árinu; Ferðastyrk ÍSÍ, sveitarfélags- og KS styrkir, en að auki fengum við einn nýjan styrk, en nú greiðir aðalstjórn Tindastóls út lottótekjur sem það fær frá Ungmennasambandi Skagafjarðar til barna og unglíngastarfs deilda sinna. Við fengum styrk frá FISK fyrir VEO vél sem við notuðum mikið í vetur til að sýna frá heima- og útileikjum auk þess fengum við greitt fyrir okkar frábæru sjálfboðaliða sem lögðu á sig að týna rusl á Umhverfisdegi FISK fyrir deildina og þökkum við öllum þessum aðilum fyrir þeirra framlag, án ykkar væri ekki hægt að reka starfið fyrir ungmenni okkar í körfu.

Króksamót var haldið 26. október, en, á mótinu kepptu Höttur, Samherji, Tindastóll og Þór. Við héldum líka MB11 mót stúlkna 4 umferð í lok mars sem tókst með þrýðum og erum við þegar búin að fá það staðfest að við fáum aftur það mót og verður það haldið hér í lok nóvember 2025.

Mikil breyting var á þjálfarahópi yngri flokka á þessu tímabili eins og tímabilin á undan. Friðrik Hrafn Jóhannsson var ráðinn yfirþjálfari og þjálfaði að auki MB10-MB11 drengja og 12.fl..karla. Hlynur Einarsson var ráðinn verkefnastjóri og þjálfaði 7.-10 bekk stúlkna og var með þar til aðstoðar Klöru Sólveigu Björgvinsdóttir. Kári Marísson hélt utan um 1.- 4. bekk stráka og stelpna með aðstoð frá Hlífari Óla Dagssyni en Hlífari þjálfaði einnig 7.-8. Fl. drengja með Benedikt Guðmundssyni fyrir áramót og Davis Geeks eftir áramót. Aníta Sveinbjörnsdóttir og Jóhann Friðrik Ellertsson þjálfuðu MB10-11 stúlkna, Sigurður Stefán Jónsson þjálfaði leikskólahópinn okkar og aðstoðaði aðra þjálfara þegar þess þurfti.

Ráðið vill þakka öllum þjálfurum fyrir veturinn, fyrir utanumhald sinna flokka og gott samstarf. Einnig viljum við þakka iðkendum, forráðamönnum, sjálfboðaliðum og styrktaraðilum fyrir ykkar framlag og frábært körfubolta ár.

*f.h. Stjórnar Unglingráðs Körfuknattleiksdeildar Tindastóls, Hrefna Reynisdóttir formaður*





**Tindastóll - skíðasvæði**



## UMFT Skíðadeild

Það var ósköp lítið að fréttu hjá okkur eftir lokun skíðasvæðis 24.apríl 2024 fyrir utan það að það kom óvæntur sjór í júní og kom alpagreinalandsliðið og nýtti sér þann snjó sem kom og skíðaði í 2 eða 3 daga.

Sumarið leið og ekkert að fréttu, engin vinna á svæðinu fyrir utan að Rúnar Símonarsson kom og ýtti jarðveg undir startið við lyftuna.

Aðalfundur var haldinn 2.sept. og í framhaldi af honum stjórnarfundur sem SB sagði af sem formaður ásamt því að Harpa Katrín og Sunna gengu úr stjórn, kosinn var ný stjórn og formaður. Helga Daníelsdóttir var kjörin formaður, Anna Freyja gjaldkeri, Hildur Haraldsdóttir ritari og meðstjórnendur Gréta Dröfn Jónsdóttir og Emil Dan. Varamenn eru Robert Wika og Sigurður B.

Á fyrsta fundi nýrra stjórnar komum við saman til að ræða nýjan samning við sveitarfélagið sem stjórn samþykkti, en eftir betri skoðun var ákveðið að bakka með samþykktina og var ákveðið að reyna að koma betri samningi í gegn, Sigurður Hauksson starfsmaður og Helga formaður gengu í það mál sem endaði á farsælan hátt seint og síðar meir. Sigurður Hauksson sagði svo upp störfum í desember 2024. Nýr umsjónamaður svæðisins var ráðinn inn, Steingrímur Friðriksson.

Að opnum og snjó á skíðasvæðinu, þetta var vægast sagt ekki góður vetur snjóalaga séð, náðum þó 33 opnunardögum og um 3000 manns í fjallið. Fyrsta opnun var 25.febrúar 2025 og þá um leið fyrsta æfing tímabilsins. Helga formaður hefur séð um æfingarnar og eru skráðir um 20 iðkendur þennan vetur.

### Stjórn Skíðadeildar Tindastóls



## UMFT Sunddeild

Starf sunddeildarinnar hófst að nýju af fullum krafti nú í haust, en hefðbundið starf lá að mestu niðri á vorönn '25 vegna mannekle. Æfingatímabilið þennan vetur var frá 1.október til loka maí. Vilji er til að halda úti sundæfingum eitthvað fram í júní, en það mun skýrast þegar líður á vorið. Samstarf við sunddeild Hvatar heldur áfram á vormánuðum iðkendum og þjálfurum til mikillar ánægju.

Iðkendur eru 38 talsins og fer hópurinn stækkandi eftir því sem líður á tímabilið. Nýr þjálfari yngstu hópa hóf störf hjá sunddeildinni í haust, Stefanía Ósk Pálsdóttir.

### **Þjálfarar vetrarins eru:**

Stefanía Ósk Pálsdóttir (1.-4.bekkur).

Brynjar Þór Halldóttsson (10 ára og eldri).

Þóra Lisebet Gestsdóttir (allir hópar).

### **Aðstoðarfólk á æfingum 1.-4.bekkjara eru:**

Herdís Elvarsdóttir, Heiður Fanney Stefánsdóttir og Bryndís Dögg Helgadóttir.

Stefanía Ósk og Brynjar Þór sóttu námskeið hjá ÍSí og hafa nú lokið 1.stigi þjálfaramenntunar ÍSí. Áætlað er að þjálfarar og aðstoðarfólk sækji einnig námskeið í skyndihjálpi. Beðið er svara varðandi tímasetningu.

### **Framundan hjá deildinni:**

Æfingamót á heimavelli, sundlaug Sauðárkróks. Stefnt er á þátttöku á vormóti Ungmennafélags Reykdæla sem haldið verður í byrjun maí á Kleppjárnsreykjum, þá iðkendur á aldrinum 8-10 ára. Elsti hópurinn stefnir á æfingaferð til Akureyrar í apríl.

Framundan er einnig unglíngalandsmót UMFÍ í sumar og vonum við að sem flestir iðkendur taki þátt. Deildin heldur reglulega fjáröflun til að safna fyrir ýmsum búnaði og eiga iðkendur og aðstandendur hrós skilið fyrir sitt framlag. Til viðbótar við hefðbundna fjáröflun stóð til að setja upp söluskáp í afgreiðslu sundlaugarinnar með ýmsum sundtengdum vörum merktum Tindastól deildinni til fjáröflunar, en við hinkrum eftir grænu ljósi frá sveitarfélaginu. Það kemst vonandi á laggirnar sem fyrst.

### **Æfingaraðstaða**

Aðstaðan til æfinga hefur stórlega batnað með tilkomu nýrrar kennslulaugar og sérstaklega þá fyrir hópa yngstu iðkenda deildarinnar. Nýja kennslulaugin bæði eykur öryggi iðkenda og auðveldar þjálfurum starf sitt, erum við afar ánægð með þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað hingað til.

Unnið er að því að útvega sjálfvirkan tímatökubúnað fyrir sundkeppnina á unglíngalandsmóti UMFÍ.

Við erum núna og höfum verið í nokkur ár að vinna í því að fá betri búnað við stóru sundlaugina fyrir iðkendur okkar. Það eru til dæmis nýjir ráspallar sem og þverlínur yfir sundlaug svo hægt sé að æfa/keppa í baksundi. Sunddeildin hefur leitað upplýsinga hjá sveitarfélaginu um hvort nýir ráspallar við sundlaugina séu hluti af skipulagi uppbyggingu sundlaugarinnar, bíðum við svara við því. Til að auka líkur á því að nýjir ráspallar verði settir upp hefur deildin leitað styrkja hjá ýmsum einkareknum fyrirtækjum og fengið viljrði fyrir styrkjum sem myndu ganga að hluta upp í verð nýrra palla.

f.h. stjórn Sunddeildar Tindastóls, Þóra Lisebet Gestsdóttir formaður



Sundlaug Sauðárkróks



*Engin skýrsla barst fyrir starfsárið 2025  
frá Siglingarklúbbnum Drangey*



*Engin skýrsla barst fyrir starfsárið 2025  
frá Vélahjólaklúbbi Skagafjarðar*



